

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

2. TBL. 28. ÁRG. 2022



SEKT EÐA SAKLEYSI Í  
SJÖUNDÁRMÁLUM

15-19

KÓÐUÐ FJÁRMÁL  
OG LÖG

27-29



- |  |   |  |
|--|---|--|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON<br/>Teamsfundirnir við<br/>sundlaugarbakkann</p> <p>6 ARI KARLSSON<br/>Frá ritstjórn</p> <p>8 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Brottfall kvenna úr lögmannastétt<br/>til umræðu á aðalfundi LMFÍ</p> <p>10 ARNAR VILHJÁLMMUR ARNARSON<br/>Stafærn framtíð dómstólanna</p> <p>14 EYRÚN INGADÓTTIR OG<br/>KATRÍN SMÁRI ÓLAFSDÓTTIR<br/>Réttarsögufærð Lögfræðingafélags<br/>Íslands: Um sekt eða sakleysi í<br/>Sjöundármálum</p> | <p>20 VIÐTAL VIÐ JÓN KARL HELGASON<br/>Glæpir og refsing í bókmenntum</p> <p>22 EVA MARGRÉT ÆVARSDÓTTIR<br/>Lagaumhverfi sjálfbærni í mótun</p> <p>24 INGI POULSEN<br/>Lagadeild Háskólans í Reykjavík<br/>setur á stofn sjálfbærni- og<br/>loftslagsréttarstofnun</p> <p>25 SINDRI M. STEPHENSEN<br/>Norræna réttarfarsráðstefnan á<br/>Íslandi: Endurupptaka sakamála<br/>og nýjungar í gjaldþrotaskiptarétti</p> | <p>26 MARÍA RÚN BJARNADÓTTIR<br/>Norræna lögfræðingabíngið í<br/>Reykjavík: Gefandi, fræðandi og<br/>skemmtilegt</p> <p>27 ÞORVARÐUR A. ÁGÚSTSSON<br/>Kóðuð fjármál og lög: Táknreiddir<br/>fjármálagerningar og<br/>rafmyntaaflleiður</p> <p>30 VIÐTAL VIÐ SVÖLU THORLACIUS<br/>Það var klassi yfir<br/>fulltrúaembættinu</p> |
|--|---|--|

**Lögmannafélag Íslands**  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**  
Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@lmg.is](mailto:ari@lmg.is)

**Aðstoðarritstjóri**  
Eyrún Ingadóttir

**Ritnefnd**  
Arnar Vilhjálmmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Geir Gestsson lögmaður  
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**  
Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður  
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**  
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

**Forsíðumyndir**  
Réttarsögufærð Lögfræðingafélags Íslands  
á slóðir Sjöundármorða 7. maí sl.  
Ljósmyndari: Ingimar Ingason.

PRENTVINNSLA  
Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA  
Öflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689

# Hvað verður um gögnin þín?



Hvað gerir þú við skjöl sem þarf að eyða af því að þeirra er ekki lengur þörf en geyma viðkvæmar upplýsingar. Gagnaeyðing býður læst gagnalát af ýmsum stærðum. Þegar losa þarf ílátið þá komum við með annað tómt og skiptum. Einnig er hægt að afhenda gögn í möppum og klemmum, í kössum og pokum. Aðeins þarf að tryggja að umbúðir séu traustar og vel lokaðar.

Gagnaeyðing eyðir öllum gögnum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# TEAMSFUNDIRNIR VIÐ SUNDLAUGAR- BAKKANN

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Þessi mánuður fyrir réttarhlé er oft einn annasamasti tími ársins hjá okkur lögmonnum. Við þekkjum það flest öll að þurfa að koma málunum okkar í farveg fyrir sumarfríð. Hið sama gildir líka um marga viðskiptavinum okkar sem senda boltana þá yfir til okkar með væntingar um að málin hafi þokast áfram þegar þeir koma til baka. Í febrúar tók ég Teamsfund í skíðabrekkunni í Austurríki. Í sumar verður hann kannski tekinn við sundlaugarbakkann. Í réttarhléinu höfum við hingað til þurft að vera á hálfgerðri bakvakt, reiðubúin að stökkva inn og skila greinargerð til áfrýjunardómstólanna. Ef svo ber undir verður hún skrifuð í fellihýsinu. Þá hlýtur spurningin að vakna: Hvenær fara lögmennt í frí?

Lögmannsstarfið er að mörgu leyti frábært. Lögmennskan er nefnilega ekki eins og hvert annað starf. Lögmaðurinn sinnir vandmeðförnun hlutverki í samfélaginu, hann er sjálfstæður í starfi, vinnur samkvæmt lögnum og í samræmi við þær siðareglur sem við höfum sett okkur.


Ég man vel eftir því að hafa heimsótt kollega minn fljótlega eftir að hafa fengið málflutningsréttindin, en á skrifstofu hans var 4. tölublaði Lögmannablaðsins árið 2005 gert nokkuð hátt undir höfði. Þetta vakti athygli mína enda nokkur ár liðin frá útgáfudegi. Í blaðinu var forsíðuviðtal við Örn Clausen með yfirskriftinni „Annað hvort er lögmaður að hjálpa mönnum eða hann er ekki í þessu djöbbl!“ . Þarna hafði lögmaðurinn skapað sér nokkurs konar altari til áminningar um hvers vegna hann sinnti þessu - oft á tíðum - erfiða starfi sem lögmennskan er. Til þess að hjálpa fólki. En við megum ekki gleyma sjálfum okkur.

Lögmennskan er ekki eingöngu gefandi starf heldur býður hún upp á nokkurn sveigjanleika hvað vinnu varðar. Þó framlagið þurfi ávallt að vera mikið er mögulegt að sinna starfinu að nokkru leyti utan hefðbundins skrifstofutíma og óháð staðsetningu ef svo ber undir, þ.m.t. í fellihýsinu í Skaftafelli. Það þýðir þó ekki að það sé endilega æskilegt. Starfsævin er langhlaup og við eigum - eins og dómara, saksóknara og aðrir lögfræðingar - rétt á því að hvíla okkur. Rétturinn til sumarleyfis.

Lögmannafélagið hefur um nokkurn tíma haldið þessum sjónarmiðum á lofti og nú liggur fyrir Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra sem var lagt fram 12. mars sl. um breytingar á lögum um meðferð einka- og sakamála. Nokkrar réttarbætur má finna í frumvarpinu en þar er m.a. lagt til að Landsrétti og Hæstarétti verði heimilt að lengja fresti varnaraðila í kærumálum til að skila skriflegri greinargerð og málgögnum á tímabilunum frá og með 22. desember til og með 4. janúar, og frá og með skírdegi til og með annars dags páska. Þá er einnig lagt til að Landsrétti og Hæstarétti verði heimilt að lengja fresti stefnda við áfrýjun til að skila greinargerð og málgögnum frá og með 14. júlí til og með 14. ágúst, frá og með 22. desember til og með 4. janúar, og frá og með skírdegi til og með annars dags páska.

Þegar þetta er ritað bíður frumvarpið afgreiðslu þingsins, en von mín stendur til að það verði samþykkt fyrir þinglok svo við getum notið sumarleyfisins í ríkari mæli en hingað til.

Fyrir hönd Lögmannafélagsins óska ég ykkur gleðilegs sumars með vísan til orða Halldórs Laxness: Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga, sæta langa sumardaga.



# e-tron GT

## Rafmagnaður draumur.

→ Keyrðu inn í sumarið  
á nýjum e-tron GT!



Drægni allt að 475 km (WLTP) - 469 hestöfl - Quattro fjórhjóladrif - Hröðun 0-100 km/klst 4,1 sek



Laugavegi 170 – 174 → Sími 590 5000 → [www.hekla.is](http://www.hekla.is)  
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílaskjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)

Fylgdu okkur @audi →   

# FRÁ SJÖUNDÁ TIL STAFRÆNNAR FRAMTÍÐAR

ARI KARLSSON  
RITSTJÓRI



Í þessu tölublaði Lögmannablaðsins er brugðið upp aldarspegli á Sjöundármálin. Í fróðlegri samantekt Eyrúnar Ingadóttur og Katrínar Smára Ólafssonar er fjallað um fræðaferð Lögfræðingafélags Íslands vestur þar sem tekist var á um það með nútímaaðferðum vísinda um sekt og sakleysi Bjarna Bjarnasonar og Steinunnar Sveinsdóttur um morð á mökum sínum.

Örlög Steinunnar eru reyndar jafnframt samofin sögu Reykjavíkur þar sem hún lést í konungsins tyftunarhúsi við Arnarhól, áður en unnt var að flytja hana utan til aftöku, þar sem enginn fannst böðullinn hér á landi. Að þeirra tíðar sið var hún dysjuð utan kirkjugarðs efst í Skólavörðuholtinu. Var þar síðar nefnt Steinkudys og vegfarendur um þjóðveginn til Reykjavíkur, sem lá í gegnum holtið, höfðu það að sið að varpa steini í dysina þegar þeir fóru hjá. Þegar grjótnám hófst í holtinu, vegna hafnargerðar í Reykjavík árið 1913, var kista Steinunnar fjarlægð úr dysinni og að endanum var hún jarðsett í Hólavallakirkjugarði.

Það er margt áhugavert í málskjölum Sjöundármála. Það vekur sérstaka athygli að Guðmundur Scheving sýslumaður kvað upp dóm í málinu 12. nóvember 1802 sem var rétt tæpum sjö vikum eftir að lík Bjarna fannst sjórekið. Að minnsta kosti var meðferð málsins í engu ábótavant hvað varðar málshraða. Skipti þar engu að þinghald var haldið í vetrarbyrjun og skammdegi þar sem vitni, dómara og málsaðilar þurftu allir að koma saman í Sauðlauksdal og allt þurfti að handskrifa.

Það er áhugavert að bera saman þennan aldarspegil við nútímann og þær áskoranir sem við tókumst á við. Í samantekt Arnars Viljhálms Arnarssonar er fjallað um málþing dómstólasýslunnar, sem fram fór á dögnum, þar sem fjallað var um stafræna framtíð dómstólanna.

Enda þótt margskonar áskoranir séu hér uppi er ljóst að starfumhverfi dómstóla og þá lögmannna mun taka verulegum breytingum og þá að meðferð mála verði að meginstefnu til rafræn þar til greinargerð verði skilað.

Er einkar áhugavert að fá innsýn inn í þróun þessara mála í Danmörku sem komin er lengra en hér á landi. Kom fram í máli Nikolaj Linneballe lögmanns að rafræn meðferð dómsmála hafi aukið mjög vinnu lögmannna við gagnaframlagningu vegna uppsetningar kerfisins þar í landi og tæknilegum vanköntum þess með tilheyrandi kostnaði fyrir skjólstæðinga. Ljóst er að við þróun rafrænnar málsmeðferðar hér á landi þarf að gjalda varhug við því slíkar breytingar auki vinnu lögmannna með tilheyrandi kostnaðarauka eða óhagræði fyrir aðila dómsmála.

Hér á landi þarf að þróa rafrænt dómskerfi með hliðsjón af skilvirkni, gagnaöryggi og einföldun málsmeðferðar. Jafnframt þarf að huga að því að ekki er endilega hygglekast að þróa rafræna gagnaframlagningu út frá þeim venjum og hefðum sem við höfum tileinkað okkur vegna framlagningu skjala á pappír vegna eðlis þess forms. Þvert á móti þarf að hugsa rafræna gagnaframlagningu út frá því að mörg gögn, sem lögð eru fram fyrir dómstólum, eru einmitt rafræn svo sem tölvupóstar, rafræn undirrituð skjöl o.s.frv.

Breytingar í málsmeðferð mun verða áskorun fyrir dómara, starfsmenn dómstóla og lögmennt í að læra og tileinka sér nýjar aðferðir. Innleiðing og þjálfun skiptir hér að sjálfsgöðu máli en þróunin getur ekki tekið mið af þeim sem vilja halda í það gamla. Þróunin er heldur ekki einkamál dómstóla, löggjafans eða stjórnvalda heldur verður að tryggja virka aðkomu og samráð við hagsmunaaðila þ.m.t. Lögmannafélag Íslands í þeirri vegferð.

# Áreiðanleikakönnun viðskiptavina á einum stað

Ferlið við áreiðanleikakönnun getur verið flókið og tímafrekt. Með hjálp Creditinfo getur þú einfaldað ferlið til muna. Á þjónustuvef Creditinfo finnur þú réttar og uppfærðar viðskiptaupplýsingar til að framkvæma áreiðanleikakönnun hratt og vel. Komdu í veg fyrir möguleg mistök og nýttu þér þjónustu Creditinfo.

**Kynntu þér Áreiðanleikakönnun Creditinfo á [creditinfo.is](https://creditinfo.is).**





Góð mæting var á aðalfundinn að þessu sinni.

# BROTTFALL KVENNA ÚR LÖGMANNASTÉTT TIL UMRÆÐU Á AÐALFUNDI LMFÍ

Um 50 lögmenn mættu á aðalfund LMFÍ sem haldinn var fimmtudaginn 19. maí síðastliðinn á Grand hóteli. Sigurður Örn Hilmarsson formaður sagði stjórnina hafa reynt á liðnu starfsári að opna starfsemi félagsins, m.a. með því að fá fleiri félagar til að sitja í starfshópum og opna samráðsgátt lögmanna, sem er með svipuðu sniði og samráðsgátt stjórnvalda, þar sem hægt er að taka þátt í umræðum og gera athugasemdir á lokuðu svæði með rafrænum skilríkjum ef að svo ber undir. Byrjað var á því að setja í samráðsgáttina tillögu um breytingu á siðareglum lögmanna en þeirri vinnu er þó enn ólokið og verður fram haldið í haust.

Sigurður sagði að hlutfall kvenna í félaginu hefði haldist óbreytt síðustu 8-9 ár og að það væri ekki náttúrulögmál að einungis þriðjungur félagsmanna væru konur: „Þetta er atriði sem að ég hvet okkur öll til að skoða, bæði á vinnustöðum okkar og líka á vettvangi félagsins. Undanfarin ár hefur meira en helmingur útskrifaðra lögfræðinga verið konur en samt breytist kynjahlutfallið ekki neitt. Það að

konur kjósa sér ekki lögmennsku sem starfsvettvang er áhyggjuefni og eins að þær hætti að starfa sem lögmenn. Það þarf að kynna lögmennsku sem framtíðarstarf fyrir öll kyn. Við þurfum að tryggja það að konur fái sömu tækifæri og framgang og karlar,“ sagði Sigurður og bætti við að huga þyrfti að brottfalli úr stéttinni og gera könnun á orsökum þess af hverju fólk hætti í lögmennsku. Gott starfsumhverfi





Sigurður Örn Hilmarsson formaður flutti skýrslu stjórnar.

hefði þýðingu fyrir alla lögmennt og á nýliðnu starfsári hafði stjórn látið skrifa skýrslur um fjölskylduábyrgð sem vakið hefði athygli.

„Mikilvægt er að við séum vakandi og gerum lögmonnum kleift að hafa gæfuríkan starfsferil sem hægt er að samþætta með fjölskyldulífi. Það hefur ýmislegt breyst á þeim árum frá því ég byrjaði í lögmenntu en þá heyrði ég frasann að lögmennt yrðu ekki veikir. Kröfur samtímans eru aðrar og þetta er orðið að samkeppnissjónarmiði í baráttunni um besta starfsfólkið. Allur aðbúnaður þarf að vera góður og vinnutími ásættanlegur. Við höfum gert ýmislegt í stjórninni á nýliðnu starfsári og kannski er ánægjulegasti árangurinn fundur með ráðherra og réttarfarsnefnd um að breyta kærufrestum. Þetta er lítið skref sem skiptir samt máli til að bæta lífsgæði okkar í framtíðinni.“

### Stjórnarkjör

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður hjá Rétti var einn í kjöri til formanns og því sjálfkjörinn en sömuleiðis voru þau Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður á LOGOS og Tómas Eiríksson lögmaður hjá Össuri sjálfkjörin í stjórn. Fyrir sátu Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður hjá LMG lögmonnum og Geir Gestsson lögmaður hjá Mörkinni í stjórn.

Þrjú gáfu kost á sér í tvö sæti varastjórnar og voru Eva Halldórsdóttir lögmaður hjá Lögmonnum Lækjargötu og Magnús Hrafn Magnússon lögmaður hjá Sigurjónsson & Thor kosin.



Kosin var milli þriggja frambjóðenda um tvö sæti varamanna í stjórn.

Sigurður Örn sagði einnig að félagið hefði látið sig málefni réttarvörslukerfisins varða, þróun málsvarnarlauna, rafrænt réttarfar ásamt fleiru. Í lokin hvatti hann lögmennt til að taka þátt í opinberri umræðu um málefni sem lögmennt hefðu sérfræðiþekkingu á, efla rétt og hrinda órétti. „Það er tilgangur félagsins; að gæta að hagsmunum lögfræðistéttarinnar, stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.“

### Hækkun árgjalds samþykkt

Fyrir fundinum lá tillaga um að hækka árgjald félagsins 2023 um kr. 4.000,- eða í kr. 83.000,- og var hún samþykkt.

### Eyrún Ingaóttir

### Laganefnd

Í laganefnd voru kosin Einar Farestveit lögmaður hjá Magna lögmonnum, Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður hjá Landslögum, Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður hjá Lex lögmannsstofu, Þyrí Halla Steingrímsdóttir lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, Krístrún Elsa Harðardóttir lögmaður hjá Lögfræðistofu Selfoss, Flóki Ásgeirsson lögmaður hjá Magna lögmonnum og Bjarney Anna Bjarnadóttir lögmaður hjá BBA Fjeldco.

# STAFRÆN FRAMTÍÐ DÓMSTÓLANNA



Hinn 10. júní 2022 stóð dómstólasýslan fyrir ráðstefnu um stafræna framtíð dómstólanna í tilefni af 30 ára afmæli héraðsdómstólanna í samstarfi við Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ákærendafélagið. Til máls tóku Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar, Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, Katrine Bork lögfræðingur og upplýsingatæknistjóri dönsku dómstólasýslunnar, Henrik E. Rhod dómstjóri við dómstólinn í Bornholm og loks Nikolaj Linneballe lögmaður og formaður réttarfarsnefndar danska lögmannafélagsins.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur var fundarstjóri og hóf ráðstefnuna með því að rekja réttarsöguleg atriði að baki núverandi skipan réttarkerfisins. Að baki lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála lá langur aðdragandi sem fór fram samhliða heildar endurskoðun fyrri löggjafar og tóku loks gildi fjöldi grundvallar lagabálka samtímis; einkamálalög, aðfararlög, gjaldþrotaskiptalög, lög um meðferð opinberra mála, lög um skipti dánarbúa o.fl. Með breytingunum var stuðlað að sjálfstæði og óhlutdrægni dómara, ýtt undir skilvirkni réttarkerfisins og traust til þess. Nú sé hins vegar aftur komið tilefni til að endurskoða réttarfarslöggjöfina og það út frá stafrænni framtíð dómstólanna.

## Mikilvægi dómstólanna

Katrín Jakobsdóttir fjallaði um mikilvægi dómstólanna, hlutverk þeirra í samfélaginu og að þeir séu starfræktir á skilvirkum og tryggum hátt. Þótt Ísland hafi mátt vera fyrir með ýmsar rafrænar framfarir, svo sem rafræna birtingu dóma, bæri að fagna því hversu fljótt væri verið að taka fyrir stafræna framtíð dómstólanna. Fjallaði hún jafnframt um gervigreindarstefnu Íslands sem á að vera öllum til hagsbóta. Hins vegar hafi notkun gervigreindar við beitingu og túlkun laga, þar sem þau eru heimfærð í samhengi við tiltekin málsatvik, verið lýst sem hááhættuferli samkvæmt rannsókn

ESB. Verulegur vafi leiki á því hvort gervigreind geti leikið slíkt eftir og að mannréttindi séu fólgin í rétti okkar til að mannværa taki endanlega ákvörðun í dómsmálum.

## Bylting hins stafræna dómskerfis

Sigurður Tómas Magnússon ræddi um áhrif stafrænnar þróunar á málsmeðferð og réttaröryggi sem muni gjörbylta ýmsum þáttum í starfsemi dómstólanna. Til dæmis aukið öryggi við flutning gagna, tilkynninga og upplýsinga, sjálfvirknivæðing ýmissa þátta, að koma á fót gagnkvæmri rafrænni samskiptatækni, bæta aðgengi almennings og lögmanna að dómstólum o.fl. Meginreglan yrði sú að gögn bærust dómstólum rafrænt og rafræn meðferð gildi þar til greinargerð hefði verið skilað inn. Þinghöldum myndi þannig fækka og notkun fjarfunda aukast. Varnarþingsreglur gætu orðið óþarfar þar sem nægjanlegt væri að hafa eina þinghá.

Sumu yrði hins vegar ekki breytt. Enn myndi þurfa aðkomu lögmanna við undirbúning mála og flutning þeirra fyrir dómi, dómamarar myndu áfram ákveða hvenær þörf væri á mætingu í dómsal og aðalmeðferð dómsmála yrði óbreytt að mestu, að frátöldu því að hugsanlega yrði leyfður málflutningur í gegnum netið, sérstaklega ef aðilar væru úti á landi. Sigurður Tómas taldi gríðarlegan



ávinning verða af rafrænu réttarfari en margar áskoranir væru einnig fram undan, svo sem að tryggja áfram að meginreglur réttarfarsins séu í hávegum hafðar til dæmis um opinbera málsmeðferð og um jafnræði málsaðila til gagnaframlagninga og annars. Tók hann undir með forsætisráðherra að mannlegi þátturinn mætti ekki glatast, nærveru málsaðila þyrfti við sáttatilaunir og að tryggja þyrfti réttinn til að vera dæmdur af fólki en ekki vélum.

Sigurður sagði í lokin að stafrænt dómkerfi væri ekki einkamál dómstólanna og að það þyrfti að leiðast hönd í hönd við réttarvörslugátt dómstólaráðuneytisins og aðra hluta réttarvörslukerfisins.

#### **Stafræn vegferð í dómsmálaráðuneyti**

Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir fjallaði um verkefnið notendavæn stafræn samskipti – flytjum gögn ekki fólk sem unnið af dómsmálaráðuneytinu en með því hafi einn aðili tekið að sér verkefnið og samræmt gagnvart öllum aðilum. Margar hindranir hafi staðið í veginum, svo sem lagaumhverfið, flóknir ferlar til að tryggja öryggi í pappírshæmi eins og „frumrit“, „afrit“, „myndrit“ o.s.frv. Framtíðarsýnina megi skipta þannig upp að í fyrsta lagi verði rafræn meðferð nýrra dómsmála, sem auðveldi fólki að leita réttar síns og flýti málsmeðferð. Í öðru lagi væri það miðlæg málagátt sem er hugsuð fyrir þá sem hafa aðkomu að dómsmálakerfinu og auki gagnsæi og traust með bættri yfirsýn um stöðu mála. Í þriðja lagi væri nýting tæknilegra innviða sem bæti nýtingu starfskrafta, lækki

kostnað og auki skilvirkni við málsmeðferð. Dæmi um það væri mæting í gegnum fjarfundabúnað, rafrænar birtingar, undirritanir og margt fleira. Guðlaug sagði verkefnið vel á veg komið og nú séu þau komin með rafræna lausn varðandi gæsluvarðhald, farbann og rannsóknarheimildir og þegar sé byrjað að skoða hvernig sakamál og einkamál geti farið í gegnum kerfið.

#### **Danska dómkerfið orðið rafrænt**

Katrine Bork fjallaði um stafræna vegferð danskra dómstóla sem eru framarlega í alþjóðlegum samanburði. Kvað hún mikilvægt að stjórnvöld séu sammála um stafræna þróun enda fylgi því mikill kostnaður. Árið 2019 var kynnt til leiks ný og metnaðarfull stafræn þróunarstefna þar sem áhersla var lögð á að minnka viðhaldsvinnu við kerfisupphald, auka virkni kerfa og stafrænar lausnir. Margt hafi gengið vel en þau hafi mætt ýmsum áskorunum, svo sem að skipta út úreltum tölvukerfum tengdum dómstólunum án þess að nokkuð fari forgörðum og að margir notendur kerfisins væru hrifnari af pappírsgögnum sem þeir, sem standa að baki stafrænu þróuninni, séu síður hrifnir af. Í Covid faraldrinum hafi viðmót margra til breytinganna þó orðið jákvæðara. Þá sé búnaður í dómstólunum margur hver ófullnægjandi í kjölfar stafrænna framfara, til að mynda upptökubúnaður, skjáir o.fl. Í heildina hafi þó breytingarnar gengið afar vel. Nú geti allir nálgast upplýsingar um málin sín með því að skrá sig inn á sína réttindagátt og fylgjast þar með stöðu mála, frestum og gagnaframlagningum, en þar með hafi aðgengi almennings að málarekstri sínum aukist





til muna. Lögmenn geti að sama skapi séð stöðu þeirra mála sem þeir eru skráðir fyrir, skilað inn gögnum rafrænt og sótt, skilað inn greinargerðum, stefnum, áfrýjunargögnum o.fl. í gegnum gáttina.

#### **Danskir dómara í stafrænni vegferð**

Henrik E. Rhod fjallaði um tæknivæðingu danskra dómstóla. Sagði hann dómara hafa verið neikvæða í fyrstu gagnvart stafrænni þróun hjá dómstólum en það væri nú breytt. Lýsti hann fjöldamörgum skrefum sem tekin voru innan dómstólanna og að spjaldtölvur hafi gert mikið til að færa dómara úr notkun pappírsgagna. Börn og barnabörn dómara gátu aðstoðað þá við að læra á tækin heima fyrir sem megi ekki vanmeta þegar eldri kynslóð sé að reyna fikra sig meira í átt að aukinni notkun stafrænna lausna. Fyrir

en varði hafi flestir dómara í Danmörku verið farnir að vinna með spjaldtölvu eða orðið opnir fyrir hugmyndinni. Lýsti hann nánar hinu stafræna málakerfi, hvernig það héldi utan um einkamál, skjöl og tilkynningar. Í dag sé í notkun upptökakerfi til að geta hlustað á allar vitnaleiðslur, málflutninga og skýrslur eftir á, þar sem tvær myndavélar séu ávallt til staðar, önnur sem beint er á dómara en hin sem beinist að þeim aðila sem tekur til máls hverju sinni. Telur hann að einungis fáir efasemdarmenn standi eftir, en í dag séu flestir í danska réttarkerfinu komnir á stafræna vagninn.

#### **Kostir og ókostir með augum lögmansins**

Síðastur tók til máls Nikolaj Linneballe og ræddi um kosti og galla hins danska kerfis séð með augum lögmanna. Þótt

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA

LOGOS

Reykjavík · London

hann fagni framförum sagði hann stóran ókost hin aukna vinna lögmanna. Áður fyrr hafi lögmenn skilað gögnum til dómstólanna en nú þurfi lögmenn að skila hverju og einu gagni sérstaklega og aðskildu í tilteknu formi sem getur þó verið mismunandi eftir gerð skráa. Þrátt fyrir að lögmennsstofur séu með sín eigin kerfi, til að halda utan um gögn, þá væri einungis hægt að skila inn einu gagni í einu í gegnum dómstólakerfið, sem síðan þurfi að merkja sérstaklega aftur. Þetta geti leitt til margfalds úrvinnslutíma fyrir notendur kerfisins sem á endanum skili sér í auknum kostnaði fyrir skjólstæðinga. Með þessu hafi vinnan og kostnaður við úrvinnslu gagna verið fluttur frá dómstólum og hinu opinbera, yfir á lögmenn og umbjóðendur þeirra.

Þótt það væri kostur fyrir umbjóðendur lögmanna að fá aukið aðgengi að máli sínu skilji þeir ekki alltaf hvernig dómsmál eru rekin og samdægurs væru þeir komnir í símann til að ýta á eftir og inna eftir svörum um viðbrögð við hinu og þessu frá gagnaðila. Þetta skapi mikla streitu fyrir lögmenn sem hafa mörg mál á sinni könnu og geti ekki brugðist samdægurs við öllu. Stundum þyrftu þeir að biðja um fresti, sem skjólstæðingar þeirra sæju ekki, og teldu því að skil á mótrökum eða gögnum hefði brugðist. Nikolaj sagði kerfið vera afar gott en fyrir eldri notendur væri það flókið. Dæmi væri um lögmann sem skilaði inn áfrýjunarstefnu í máli en ýtti á rangan takka og skilaði henni óvart inn sem dóm skjali. Þegar lögmenninum varð ljóst hvað hafði gerst var áfrýjunarresturinn liðinn. Fór málið alla leið en á endanum var niðurstaðan staðfest, að hann hafi ekki skilað áfrýjunarstefnu innan frests. Telur Nikolaj að vafasamt sé, að mál tapaðist vegna skorts á tæknilegri þekkingu. Benti hann á að réttarfarslögin geri ekki ráð fyrir að lögmenn kunni á tiltekin tölvakerfi, eða viti hvaða takka skuli nota hverju sinni í málakerfi dómstólanna.

Þá væru ýmsar forritunarákvarðanir óheppilegar, líkt og að aðeins einn notandi geti unnið í málinu hverju sinni og að umbjóðendur geti sjálfir farið inn á mál sitt, skilað inn gögnum og unnið í því. Þetta hafi leitt til þess að skilað hafi verið inn gögnum og lýsingum sem lögmenn hefðu síður ráðlagt og gert það að verkum að þegar hann hafi ætlað að skila inn skjali á skilafresti, hafi umbjóðandinn þegar verið skráður inn. Þannig geti lögmaður brunnið úti á fresti nái hann ekki í tæka tíð í umbjóðandann til að segja honum að skrá sig út.

Nikolaj nefndi einnig kosti við kerfið eins og að lögmenn þyrftu að stilla saman mál sín sem einfaldaði vinnslu þeirra og fyrirsjáanleika um næstu skref. Þannig væri betri málstjórnun og hægt væri að sjá í rauntíma hvaða gögnum gagnaðili hefði skilað inn.

#### Þrjár málstofur í lokin

Í lok ráðstefnunnar bauðst gestum hennar að sækja eina af þremur málstofum í tengslum við málefnið þar sem sköpuðust líflegar og áhugaverðar umræður. Katrine Bork stóð fyrir svörum í málstofu um meðferð mála og stjórnsýslu í stafrænu dómkerfi undir stjórn Margrétar Helgu K. Stefánsdóttur lögfræðings hjá dómstólasýslunni. Nicolaj Linneballe um rafrænan lögmann undir stjórn Kristínar Edwald lögmans og Henrik E. Rhod um rafrænan dómara undir stjórn Ásgerðar Ragnarsdóttur héraðsdómara. Lauk þar með afar áhugaverðu málþingi um framtíðina sem er handan hornsins.

Arnar Vilhjálmur Arnarsson

## Ásar – Þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717  
Netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# UM SEKT EÐA SAKLEYSI Í SJÖUNDÁRMÁLUM

Fyrstu helgi maímánaðar brá 100 manna hópur félagsmanna í Lögfræðingafélagi Íslands undir sig betri fætinum vestur á firði. Tilefnið var fræðaferð á slóðir hinna svonefndu Sjöundármála en þau Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir voru fyrir 220 árum sakfelld fyrir morð á mökum sínum. Sakfelling héraðsdóms var staðfest af bæði Landsyfirrætti og Hæstarætti Danmerkur. Steinunn lést skömmu áður en flytja átti þau utan til Kristjánssands en þar var Bjarni höggvinn árið 1805.



Gísli Már Gíslason var leiðsögumaður að Sjöundá.

Margt hefur verið ritað og rætt um Sjöundármálin í áranna rás en Gunnar Gunnarsson skrifaði skáldsöguna *Svartfugl* sem kom út á íslensku árið 1938, og hefur síðan verið hluti af þjóðarsálinni. Þór Vilhjálmsson lagaprófessor stóð svo fyrir því árið 1969 að láta laganema prenta upp dómskjöl í Sjöundármáli en síðan var haldið námskeið fyrir nemendur lagadeildar í réttarsögu og heimspekideildar í bókmenntum.

## Stutt á milli fjalls og fjöru

Ferðalangar fengu fyrir ferðina aðgang að dómskjölum laganemanna frá 1969, sem sett voru á tölvutækt form, auk þess sem stofnuð var sérstök síða á Facebook fyrir þátttakendur ferðar þar sem deilt var ýmsum upplýsingum og fróðleik til undirbúnings.

Það var fríður hópur sem mættur var á Fosshótel á Patreksfirði á föstudagskvöldinu og eftirvæntingin lá í loftinu. Þar voru strengir stilltir saman fyrir ferðin sjálfa sem hófst árla á laugardagsmorgni. Dagskráin hófst með vettvangsferð að Sjöundá í leiðsögn Gísla Má Gíslasonar, prófessors emeritus og annars höfunda Árbókar FÍ um Rauðasand hins forna. Um helmingur var í rútu en myndarleg bílaröð fylgdi henni þar sem fróðleik Gísla Má var útvarpað og því öllum þátttakendum aðgengilegur.



Hluti þátttakenda við steininn þar sem talið er að Guðrún Egilsdóttir hafi verið kæfð af Bjarna og Steinunni.

Gísli er kunnugur hverri þúfu á leiðinni og stóð ekki á miðlun fróðleiks en frá Melanesi var gengið að Sjöundá sem er um 1.5 km. Veður var með besta móti og var gengið í halarófu að bæjartóftunum. Atburðir málsins áttu sér stað árið 1802 en búseta lagðist af á Sjöundá árið 1921 og mun húsaskipan hafa verið sú sama. Fannst mörgum ótrúlegt hve þröngt var búið en tvær fjölskyldur bjuggu saman í ca 40 fm baðstofu, alls 14 manns þegar mest var. Þá kom mjög á óvart hversu stutt er á milli fjalls og fjöru á bænum.

Að lokinni göngu tóku heiðurshjónin Kjartan Gunnarsson og Sigríður Snævarr á móti hópnum að Saurbæ á Rauðasandi. Hafa þau byggt jörðina myndarlega upp. Þar buðu þau þátttakendum upp á heiðarlegar vestfirskar kræsingar í hlöðunni sem ekki voru af verri endanum. Að því búnu var haldið í félagsheimilið á Patreksfirði þar sem rætt var um málið. Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur var fundarstjóri en fimm fróð stigu á stökk og og miðluðu fróðleik um þetta gamla og klassíska sakamál.

#### Refsing í samræmi við fyrirmæli konungs

Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis fjallaði um réttarfar á þeim tíma sem þau Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir voru dæmd til dauða og taldi ólíklegt að Steinunn hefði verið sakfelld fyrir samverknað eða hlutdeild

í andláti Jóns í dag. Þá hafi málshraðareglan verið höfð í hávegum en réttað var í málinu tæpum tveimur mánuðum eftir að lík Jóns rak á land 26. september 1802 og dómur Landsyfírréttar var kveðinn upp rúmu ári síðar.

Refsing Bjarna og Steinunnar var í samræmi við alvarleg manndrápsmál á þessum tíma; pyntingar, handarhögg og loks aftaka. Magnús Stephensen, dómstjóri Landsyfírréttar, mun hafa verið í minni hluta dómsins þegar refsing Bjarna var þyngd úr þremur í fimm klípingar: „Svo er það dæmigert fyrir Hæstarétt að ákveða að hafa klípingarnar fjórar og þannig farið miðja vegu milli dóms í héraði og Landsyfírrétti“, sagði Skúli. Konungur náðaði síðan Bjarna af klípingunum en það var skylda að áfrýja dauðadómum til Hæstaréttar og bera svo undir konung: „Má af því marka að menn treystu dómstólum varlega í þessu efni en endanlegt dómsvald var ótvírætt í höndum konungs í samræmi við einveldisskipulag tímans.“

#### Hin örlagaríki broddstafur

Pétur Guðmann Guðmannsson réttarmeinalæknir hefur sérhæft sig í áverkum á hálsi sem kom sér vel í þessu máli þar sem talið var að Jón Þorgrímsson hefði verið stunginn. Pétur hóf erindi sitt á því að lýsa hvað gerist þegar grunur vaknar um manndráp í nútímanum en þá fer fram líkskoðun



Kjartan Gunnarsson kætti gesti með stuttri ræðu af hlöðulofti.

Þar sem rannsakaðir eru 100-200 skoðunarpunktur. Í dóm skjölum vegna Sjöundármála lægju hins vegar fyrir 3-5 skoðunarpunktur sem eitthvað væri hægt að vinna með. Bjarni hafi verið handtekinn vegna holu sem var neðarlega á hálsi Jóns Þorgrímssonar sem talin var vera eftir broddstaf. Pétur leiddi líkum að því að holan hefði verið til komin vegna markvikinda, eftir að hafa velkst um í sjónum, og taldi jafnframt ótrúverðugt að Jón hafi dáðið af einu höggi í höfuðið með broddstafnum, sem brotnaði við átökin, miðað við lýsingu dómskjala.

Lík Guðrúnar var í betra ástandi þegar það var skoðað og því er lýst að hún væri með bláma hægra megin á brjóstinu sem Pétur taldi vera mar. Þótt dauði Guðrúnar væri ekki augljós þá er ekki ólíklegt að hún hafi kafnað með þeim hætti sem Bjarni lýsti þegar hann játaði á sig morðið.

### Játaði Bjarni óneyddur?

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, prófessor við HR, fjallaði um trúverðugleika játninga Bjarna og Steinunnar. Jón Friðrik sagði þrjár mismunandi ástæður fyrir fölskum játningum. Í fyrsta lagi játuðu sumir sjálfviljugir, t.d. einstaklingar sem að ekki ættu auðvelt með að greina ímyndanir frá veruleikanum. Í öðru lagi ættu sér stað játningar af undanlátssemi við yfirheyrslur ef að fólk fyndi fyrir of miklum þrýstingi þótt það væri fullvíst um að hafa ekki framið brotið. Í þriðja lagi væri fengin fram játning með þvingun á þann hátt að sá sem er yfirheyrður er sannfærður um að hann hefði framið brotið en það gæti átt við í þessu máli. Bjarna er lýst í dóm skjölum sem bráðlyndum, raungóðum og heimskum



Ólafur Þór Hauksson formaður Lögfræðingafélags Íslands ásamt Kjartani Gunnarssyni og Sigríði Snævarr, húsráðendum á Saurbæ, en þar var hópnun boðið í vestfirskan hádegisverð að lokinni göngu að Sjöundá.

og Steinunni sem þéttlyndri, þ.e. alvörugefinni, spakri og skýrri en hún var álitin skikkanleg manneskja: „Það sem vekur athygli í dóm skjölum er að gengið var út frá sekt Bjarna, neitun hans er merki um sekt og það þarf að fá hann til að játa. Ef hann játar ekki þarf að fá prestinn til að „ganga á hann“ og reyna fá hann til játa, ef hann hikar eða truflast „í þrætu sinni“ þá er hann ekki að segja sannleikann. Spurningin væri: Kom sannleikurinn í ljós eftir að presturinn hafði sannfært þau?“ sagði Jón Friðrik og bætti við: „Þegar fólk er yfirheyrð um eitthvað sem það átti ekki von á þá leggur það kannski ekki sérstaklega á minnið atburðarrásina fyrirfram. Í málinu er gengið út frá því að það hefðu verið samantekin ráð að neita öllu. Misræmið getur stafað af því að þau höfðu ekki farið yfir málið, atburðarrásina, þessa daga sem að Jón og Guðrún létust, nákvæmlega þannig að þau gætu samræmt sig.“

Þá væri skýrt að ekkert væri minnst á börnin átta sem voru á bænum: „Við sem höfum nú farið á staðinn sjáum að umhverfið er mjög þröngt og tvö morð hafa verið framin þarna á þessum tíma án þess að það truflaði eitthvað börnin. Það er erfitt að trúa því.“ Við lestur gagnanna virtist prestur hafa verið viss um sök þeirra: „Við verðum að hafa í huga að þetta var fátækt bændafólk en prestur og sýslumaður menntaðir. Bjarni gæti hafa verið óruggur.“ Í kjölfarið kom játning sem er ekki alveg ljóst hvort að hafi verið fölsk en hæpið væri að segja, eins og kemur fram í dóm skjölum, að Bjarni hafi játað óneyddur.

Ýmsu væri ósvarað um hvort Bjarni og Steinunn játuðu á





Um 120 manns sóttu fundinn í félagsheimilinu á Patreksfirði en auk þátttakenda í ferðinni bauðst Patreksfirðingum að koma gegn vægu gjaldi.



**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** stjórnaði fundi af röggsemi.



**Skúli Magnússon** fjallaði um réttarfar á þeim tíma sem atburðurinn átti sér stað.



**Pétur Guðmannsson** velti fyrir sér matsgerðum út frá réttarfræðilegu sjónarhorni.



**Jón Friðrik Sigurðsson** velti fyrir sér hvort að játningar Bjarna og Steinunnar gætu verið falskar.



**Guðrún Sesselja Arnardóttir** ræddi um hugsanlega vörn þeirra Bjarna og Steinunnar.



**Benedikt Bogason** flutti lokaerindi dagsins.

sig rangar sakir en ef að menn gengu út frá því að þau væri sek í upphafi þá hefði það haft áhrif á yfirheyrslurnar. Þrátt fyrir þetta væri þó ekki hægt að slá því föstu að um falskar játningar sé að ræða.

### Af kvenlegum tilhneingum óstjórnleika

Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður hjá embætti ríkislögmans, sem hefur langa reynslu af því að vera bæði sækjandi og verjandi, tók að sér að velta fyrir sér hvaða vörn þau dæmdu hefðu átt að fá en vörn Guðmundar Sigmundssonar, verjanda þeirra, var engin. Guðmundur ber helst í bætifláka fyrir Steinunni og segir að vitund og

launung hennar á morði Jóns gæti afsakast með þeirri þykku af sífelldu nöldri Jóns og elsku hennar til Bjarna. Verjandinn bað dóminn um að setja fyrir sér: „... sjón kvenlegra tilhneingum óstjórnleika... „ Hún gat sem sagt ekki haft stjórn á sér af því að hún var kona og því hafi Bjarni fengið hana til þess að taka þátt í glæpnum.

Guðrún sagði enn fremur tóninn strax hafa verið gefinn í bréfi Schevings sýslumanns til hreppstjóra á Rauðasandi 28. september 1802 sem gaf fyrir mæli um að spyrja Bjarna hvort hann þekkti ekki þar sín verk og meðkenndi morð Jóns. Síðar í bréfinu segir: „Játi hann þessu á sig þá er gott en þræti hann, verðið þér að biðja prestinn að ganga á hann og í öllu falli að flytja hann að Haga“. Það var staðföst neitun hjá Bjarna og Steinunni í upphafi og því bað sýslumaður séra Eyjólf Kolbeinsson að tala um fyrir þeim og reyna að snúa þeim „... frá rímlegast upptekinni þrætni til sannleikans skýlausrar viðurkenningar.“ Það var búið að gefa sér fyrirfram að þau væru sek og játningar Bjarna og Steinunnar, þegar séra Eyjólfur og mögulega sýslumaður sjálfur setjast yfir þau, eru fengnar með ólögum hætti. Er verið að tala við þau í sitt hvoru lagi? Eða, eins og við sjáum stundum í bíómyndum, er verið að segja við Steinunni að Bjarni sé búinn að játa og öfugt?

Niðurstaðan er sú að það var búið að ákveða fyrirfram að þau væru sek og að mögulega hafi þau sjálf verið orðin sannfærð um það eftir nóttina að þau hafi gert þetta. Guðrún taldi ekki mögulegt að sakfella þau í dag, byggt á þessum gögnum.

### Flest bendir til sektar

Lokaerindið flutti Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar en hans hlutverk var að leggja mat á það hvernig dómsniðurstaða myndi hljóma í nútímanum. Benedikt



F.v. Eyrún Ingadóttir, Pétur Guðmann Guðmannsson, Jón Friðrik Sigurðsson, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Skúli Magnússon, Guðrún Sesselja Arnardóttir og Benedikt Bogason.

byrjaði á því að fara yfir hvaða gögn væru aðgengileg til að meta málið; skýrslurnar sem væru raktar ítarlega í þingbókinni, spurningar og svör, vitnisburðir og álit í undanfara málsins. Til viðbótar, sem hefði kannski mest gildi nú, væru upplýsingar sem hafa komið fram á fundinum; réttarfræðileg matsgerð Péturs Guðmanns og erindi Jóns Friðriks um aðstæður þeirra Bjarna og Steinunnar.

Benedikt sagði að framgangna yfirvaldsins í þinghaldinu 8. nóvember 1802, að nota prestinn til að knýja fram játningar, myndi aldrei viðgangast í dag en að það hafi verið ástæður fyrir því að Bjarna og Steinunni var ekki trúað. Steinunn hafði til dæmis sett ólyfjan í graut Guðrúnar og við það hljóti að hafa kviknað sterkar grunsemdir. Síðan þótti frásögn Bjarna ótrúverðug í ljósi skoðunar á líki Jóns sem hefði átt að vera brotið ef hann hefði hrapað einhverja 100 metra niður Skorarhlíðar.

En af hverju var presturinn gerður út af dóminum til að fá þau til að viðurkenna morð? Hvaða tæki skyldi hann nú hafa haft? spurði Benedikt: „Til að skoða þennan þátt þurfum við að setja okkur inn í það þjóðfélag sem þá var. Trúin hafði miklu meira vægi og að brenna á báli helvítis til eilífdar voru viðurlög sem voru miklu verri en allt annað. Þetta hlýtur að hafa bitið á þá sem voru í raun sekir.“ Meira að segja á þessum tíma orkaði tvímælis að beita prestinum en í norsku lögum mátti prestur ekki greina frá því sem skriftað

var fyrir honum að viðlögðum hempumissi. Fræðimenn í kirkjurétti töldu að þetta væri óheimilt og Jón Pétursson, sem var dómari við Landsfyrirétt í tæp 40 ár og kenndi í prestaskólanum í rúm 30 ár, fullyrðir í Kirkjurétti sínum að þessi regla væri enn í gildi: „Samt gerði Landsfyrirétturinn ekki athugasemd, jafn tamt og honum var að finna að einu og öðru,“ sagði Benedikt.

Jafnvel þótt að annmarki hafi verið á öflun sönnunargagna þá sagði Benedikt ekki vera hægt að slá þau út af borðinu: „Aðalgrunsemdin beindist gegn þessari stungu í hálsi Jóns og Bjarni neitaði alltaf að hafa valdið henni, féll aldrei frá þeirri neitun sinni. Ef að hann var að gangast við einhverju sem hann hafði hvort sem ekki gert, af hverju gekkst hann ekki bara við því?“ Bæði hafi gefið eftir en það að Bjarni gengst aldrei við stungunni gerir framburð hans nokkuð trúverðugan og styðst svo við það sem Pétur Guðmann sagði um holuna á líki Jóns. Þetta eina högg með sljóu verkfæri hafi tæplega getað valdið því að Jón datt niður dauður eins og höfuðkúpan var, grefur líka undan því sem Bjarni sagði: „Þess vegna virðist óhætt að ganga út frá því að Bjarni hafi gengið harðar fram þarna í fjörunni en hann gengst við. Það er mjög algengt í sakamállum að menn dragi úr og sennilega hefur hann borið meiri ábyrgð á dauða Jóns en þetta eina högg sem hann viðurkenndi að hafa slegið.“ Niðurstaða Benedikts var að það kynni að vera að átökin



Þar sem gleði kvöldsins var ekki fest á filmu í anda strangra persónuverndarlaga fá lesendur að njóta þessarar spekingslegu myndar af Arnóri Hafstað, Margréti Gunnlaugsdóttur, Önnu Ragnhildi Halldórsdóttur, Þórdísi Bjarnadóttur og Þyri Steingrimsdóttur á vettvangi morðs.

í fjörunni hefðu gengið lengra og leitt til dauða Jóns án þess endilega að það hafi verið ásetningur í upphafi: „Ég held að það sé freistandi að komast að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 218.gr., sem er líkamsárás sem leiðir til bana, eigi við um lát Jóns,“ sagði hann. Það sem Pétur Guðmann sagði um að áverkann á ofanverðu brjósti Guðrúnar styðji síðan frásögn þeirra Bjarna og Steinunnar um að þau hafi kæft hana.

„Þótt að ýmsir gallar hefðu verið á málinu, bæði það að nota prestinn og sækja ekki lækni til að skoða líkin, þá bendir flest heldur til þess að Bjarni beri ábyrgð á dauða Jóns og þau saman á dauða Guðrúnar. Ég held síðan að aðkoma Steinunnar að dauða Jóns sé þunnur þrettáandi, að minnsta kosti sé hún óveruleg og erfitt að gera hana ábyrga þar þó hún hafi kannski vitað að þetta væri í bígerð eða til umræðu. Hún hins vegar gekkst við því að hafa haldið höndunum á Guðrúnu þegar Bjarni var að kæfa hana og það er þá bein þátttaka í því drápi. Þetta held ég að sé nú niðurstaðan“, sagði Benedikt að lokum.

#### **Kokkurinn knái spilaði undir dansi**

Eftir dynjandi lófatak þustu þátttakendur á gististaði sína til að hafa fataskipti en svo mættu þeir þrúðbúnir til borðhalds skömmu síðar og höfðu þeir séðari jafnvel brugðið á sig glaumþrúgum. Uppdekkaður salurinn fylltist af ilmi af

kvöldverði og tóku gestir vel til matar síns. Undir borðum gladdi Arnór Hafstað lögmaður okkur með gítarleik og söng sem vel var tekið undir. Að auki steig svo matreiðslumaðurinn sjálfur, Gísli Ægir Ágústsson hjá Vegamótum á Bíldudal, á svið með gítar og söng, bersýnilega ekki í fyrsta sinn. Var vel tekið undir í salnum og uppskar hann gríðarleg fagnaðarlæti. Eftirspurn tónlistar var meiri en framboð og eftir ítrekað uppklapp var brugðið á það ráð að hjóðast til að ganga í uppvaske og frágang gegn frekari spileríu. Við því var orðið og stiginn dans við spil og söng kokksins knáa. Formlegri dagskrá lauk svo á miðnætti en stór hluti var þá rétt kominn í dansgírinn. Var því sameinast í bíla og gestir selfluttir á „Flakið“, aðal- og eina pöbb bæjarins. Þar stóðu kátir lögfræðingar vaktina en Guðný Gígja Skjaldardóttir söngkona Ylju sá um að væta kverkar. Þar var jafnframt gripið í skák, pílukappni auk þess sem suðrænir dansar voru stignir undir lok. Allir komust heilir í náttstað að því er fréttaritarar Lögfræðingafélagsins vita best. Dagskrá ferðar lauk svo með göngu á sunnudagsmorgni um þorpið hans Jóns úr Vör í leiðsögn Gísla Más Gíslasonar áður en haldið var heim á leið. Þar lauk eftirminnilegri réttarsöguferð vestur á firði sem verður lengi í minnum höfð.

**Eyrún Ingadóttir og Katrín Smári Ólafsdóttir tóku saman.**

# GLÆPIR OG REFSING Í BÓKMENNTUM

Heimur skáldskapar skarast margvíslega á við lög og rétt en rannsóknir á því sviði hafa helst verið á sviði miðaldabókmennta. Minna hefur farið fyrir rannsóknum á nútímabókmenntum en síðasta haust stofnaði Jón Karl Helgason, prófessor í bókmenntum við Háskóla Íslands, leshóp með starfsfólki Héraðsdóms Reykjavíkur ásamt Hafsteini Þór Haukssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Tilgangurinn var að koma á rannsóknum á sviði bókmennta og lögfræði en samstarfið leiddi m.a. til þessa að laugardaginn 12. mars sl. var málstofa um skáldsöguna *Svartfugl* eftir Gunnar Gunnarsson á Hugvísindabíngi með þátttöku þeirra Jóns Karls, Hafsteins Þórs og Ingibjargar Þorsteinsdóttur dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur.



Jón Karl Helgason.

*Hvað vakti áhuga þinn á því að stofna hóp sem les bókmenntir með áherslu á lög og rétt/réttarfar?*

Leshringinn má rekja aftur til námskeiðs sem ég kenndi á Hugvísindasviði vorið 2016 undir yfirskriftinni „Bókmenntir og lög“ en þar fjölluðum við um ýmis lögfræðileg álitamál sem tengjast bókmenntum, þar með talið höfundarétt, ritstuld og ritskoðun. Við lásum einnig nokkrar skáldsögur þar sem dómsmál og lög eru í brennidepli. Á leslistanum voru til að mynda *Útlendingurinn* eftir Albert Camus og *Náðarstund* eftir Hannah Kent. Sjálfur hafði ég fjallað um

sumt af því efni sem þarna var til umræðu, þar með talið dómsmál sem höfðað var af yfirvöldum gegn Halldóri Laxness og fleirum vegna útgáfu á íslenskum fornritum á stríðsárunum. Til grundvallar voru lögð nýsamþykkt lög sem stóðust, þegar til átti að taka, ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi.

Í framhaldi af námskeiðinu tók ég höndum saman við Láru Magnúsdóttur sagnfræðing og þrjá nemendur úr námskeiðinu, þau Guðrúnu Baldvinsdóttur, Sólveigu Ástu Sigurðardóttur og Einar Kára Jóhannsson, um útgáfu þemaheftis af *Ritinu, tímariti Hugvísindastofnunar*. Heftið kom út í ársbyrjun árið 2018 og hafði að geyma ritgerðir eftir þau fjögur og fleiri bókmennta- og sagnfræðinga, en einnig tvær þýddar greinar, annars vegar eftir William Miller og hins vegar eftir Ditlev Tamm og Karen-Margrethe Simonsen. Markmið okkar var að kynna bókmenntir og lög sem þverfaglegt rannsóknarsvið en það á sér allanga og merkilega sögu, einkum í Bandaríkjunum þar sem hefð er fyrir því að láta lögfræðinema lesa sígild bókmenntaverk sem tengjast faginu. Þótt ég hefði fengið bæði ríkissaksóknara og forseta lagadeildar til að taka þátt í námskeiðinu og nemendur heimsótt Hæstarétt fannst mér hið þverfaglega starf í raun vart hafið á þessu stigi. Því sótti ég um styrk til Háskólans fyrir tveimur árum til að ýta undir virka samræðu milli lögfræðinga, dómara, bókmenntafræðinga og skálda. Fyrsta skrefið var leshringur með starfsfólki Héraðsdóms

sem átti að starfrækja til reynslu vorið 2019. Vegna Covid urðum við að fresta honum ítrekað en í millitíðinni fékk ég Hafstein Þór í lið með mér. Við höfum hist á um það bil mánaðarfresti frá því í október. Okkur langar til að halda þessu áfram næsta vetur og bjóða fleirum til leiks.

### Grundvallarspurningar lögfræðinnar í ljósi sígildra bókmenntaverka

*Nú eru glæpir og refsingar vinsælt umfjöllunarefni í skáldskap svo segja má að rithöfundar hiki ekki við að fjalla um þennan þátt mannlífsins. Það er hins vegar sjaldgæfara að lögfræðingar tjái sig um bókmenntir þar sem lög og réttur koma við sögu. Af hverju heldur þú að það sé?*

Mér finnst líklegt að þeir eigi fullt í fangi með að sinna sínum faglegu skyldum en ég held líka þeim sé illa við að „kássast upp á annarra manna jússur“. Að vísu er nokkur hefð fyrir því að lögfræðingar ræði um íslensk fornrit, enda fjalla mörg þeirra um lagasetningu og dóma. Áður nefndur William Miller er áhugaverður alþjóðlegur fulltrúi þessarar hefðar á okkar dögum. Það hefur líka verið að færast í aukana að lögfræðingar, heimspekingar og bókmenntafræðingar fjalli um ýmsar grundvallarspurningar lögfræðinnar í ljósi sígildra bókmenntaverka. Það kom kippur í slíka umræðu vestanhafs strax á áttunda og níunda áratugnum, meðal annars fyrir tilstilli lögfræðinganna Richard Weisberg og Richards Posner, siðfræðingsins Mörthu Nussbaum og bókmenntafræðingsins Peter Brooks. Þegar komið var fram á þann tíunda hafði bylgjan náð til Evrópu. Laust eftir aldamót var öflugur þverfaglegur rannsóknarhópur á þessu sviði starfræktur í Skandinavíu og er áður nefnd grein þeirra Simonsen og Tamm ávöxtur af því starfi. Þau hafa einnig kennt bókmenntanámskeið fyrir nemendur í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla.

### Skáldverk metin út frá eigin reynsluheimi

*Nú las leshringurinn sem þið starfræktuð í vetur Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson (1938), Gott fólk eftir Val Grettisson (2015), Kaupmanninn í Feneyjum eftir William Shakespeare og Ég heiti*

*Ísbjörg, ég er ljón (1989) eftir Vigdísí Grímsdóttur. Hefur þú fengið nýja sýn á þessar bækur?*

Já, svo sannarlega. Sjálfum er mér eðlislægt að meta skáldverk út frá ýmsum fagurfræðilegum og bókmenntasögulegum mælikvörðum. Aðrir þátttakendur í leshringnum komu hins vegar að borðinu með yfirgripsmikla þekkingu á réttarsögu og lögfræði og áralanga reynslu af vettvangi dómsstóla. Oftar en ekki vöktu þau athygli á tilsvörum persóna sem höfðu farið algjörlega fyrir ofan garð og neðan í mínum lestri og tengdu þar að auki ýmsar aðstæður úr skáldverkunum við sína eigin reynslu. Meðal þess sem við ræddum í þessu ljósi voru hin óljósu skil framkvæmdavalds og dómsvalds sem birtist í réttarhöldunum í Svartfugli en í hópnum okkar var dómari sem kannaðist við vandamálið frá upphafi síns ferils. Hún hafði hafið störf nokkru áður en sett voru lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

### Stefnum á mánaðarleg umræðukvöld um bókmenntir

*Leshópurinn var samstarfsverkefni ykkar Hafsteins Þórs og Héraðsdóms Reykjavíkur. Verður framhald á því að bjóða upp á námskeið þar sem bókmenntir og lögfræði tvinnast saman?*

Það ætla ég að vona. Við höfum áhuga á að útvíkka starfsemi leshringisins strax næsta vetur í samvinnu við Lögfræðingafélag Íslands. Hugmyndin er að vera með mánaðarleg umræðukvöld þar sem innlend eða erlenda bókmenntaverk verða í brennidepli. Á óskalistanum eru meðal annars erlendar skáldsögur á borð við *Réttarhöldin* eftir Franz Kafka og *Að drepa hermíkráku* eftir Harper Lee en einnig mætti huga að innlendum verkum á borð við *Íslandsklukku* Halldórs Laxness. Að auki höfum við Hafsteinn Þór sótt um að halda málstofu fyrir nemendur í lögfræði við Háskóla Íslands um *Svartfugl*. Í bakgrunni yrðu að sjálfsögðu dómskjöl hins svonefnda Sjöundármáls sem Gunnar Gunnarsson vinnur mjög markvisst upp úr.

Eyrún Ingadóttir.



Síðasta vetur las leshópurinn *Gott fólk* eftir Val Grettisson og *Svartfugl* Gunnars Gunnarssonar en næsta vetur er meðal annars ætluin að lesa *Að drepa hermíkráku* eftir Harper Lee og *Réttarhöldin* eftir Franz Kafka meðal annarra.

# LAGAUMHVERFI SJÁLFBÆRNI Í MÓTUN

EVA MARGRÉT ÆVARSDÓTTIR, LÖGMAÐUR HJÁ  
LEX LÖGMANNSSTOFU OG RÁÐGJAFI Í SJÁLFBÆRNI.

Nýverið birtust fréttir í helstu viðskiptafréttamiðlum þess efnis að yfirvöld í Þýskalandi hafi gert húsleit hjá Deutsche bank og eignastýringarfyritækjunu DWS, sem er hluti af samstæðu Deutsche bank. Húsleitin var gerð vegna gruns um að upplýsingar sem DWS birti um fjárfestingar sínar árið 2020 væru villandi. Samkvæmt fréttunum setti fyrirtækið fram fullyrðingar í ársskýrslu sinni um að meira en helmingur fjárfestinga þess væri byggður á svokölluðum UFS viðmiðum. Í ársskýrslu þeirra ári seinna hafði þetta hlutfall lækkað verulega. Málið hefur vakið mikla athygli en forstjóri DWS sagði af sér sama dag og húsleitin var gerð.

Umræða um grænþvott („greenwashing“) eins og grunur er um hjá DWS hefur aukist samhliða aukinni áherslu á sjálfbærni hjá fyrirtækjum, fjárfestum og almennt í samfélaginu. Grænþvottur felur í sér að villandi eða rangar upplýsingar eru gefnar um frammistöðu fyrirtækis eða vöru og er ætlað að gefa til kynna að starfsemi fyrirtækisins í umhverfismálum, eða umhverfisvænir eiginleikar vöru, séu meiri eða betri en efni standa til.

## Hugtakanotkun – sjálfbærni, samfélagsábyrgð eða UFS

Hugtakanotkun í sjálfbærni hefur þróast töluvert á síðustu árum. Einnig hefur verið vísað til sjálfbærni sem samfélagsábyrgðar eða samfélagslegrar ábyrgðar. Á ensku hefur hugtakið „Corporate Social Responsibility (CSR)“ og „Corporate Sustainability“ þróast yfir í „sustainability“ og „Environmental, Social, Governance (ESG)“. Það síðastanefnda hefur verið þýtt sem umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir (UFS) og vísar það til þess hvernig fyrirtæki og fjárfestar leggja mat á og samþætta umhverfisleg



og félagsleg áhrif af starfsemi sinni í stefnumótun og ákvarðanatöku. Sjálfbærnivinna fyrirtækja snýst um að þau greini og þekki áhrif sín á umhverfi og samfélag og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum af starfsemi sinni og auki jákvæðu áhrifin á umhverfi og samfélag. Ekki verður farið dýpra í þessa hugtakanotkun hér heldur verður fjallað stuttlega um nokkra þætti sjálfbærni.

## Umgjörð um sjálfbærnivinnu

Ýmsar tegundir af viðmiðum og stöðlum hafa verið þróaðar á síðustu áratugum sem fyrirtæki og fjárfestar nota til að leitast við að mæla frammistöðu sína í sjálfbærnimálum og setja sér markmið. Nú er unnið að samræmingu slíkra staðla, bæði á vettvangi ESB og hjá IFRS og er markmið þeirrar vinnu að sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja verði á pari við fjárhagslega upplýsingagjöf. Þættir sem falla undir slíka upplýsingagjöf eru mismunandi eftir starfsemi fyrirtækja, en sem dæmi má nefna mælingar á kolefnisspori fyrirtækja, launamun kynja, hlutfalli kynja í stjórnunarstöðum, öryggis- og heilsumálefnum, öryggi vöru, starfsmannaveltu og þjálfun starfsmanna, þættir sem snúa að mannréttindum í aðfangakeðju fyrirtækis og markmið þessu tengd. Stjórnarhættir fyrirtækja, m.a. laun og starfstengd hlunnindi falla líka hér undir.

## Loftslagsmál og hlýnun jarðar

Sjálfbærni er farin að brenna á mörgum enda eru þjóðir heims farnar að finna á eigin skinni áhrif loftslagsbreytinga. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál var samþykktur og undirritaður árið 1992 og á vettvangi hans fóru fram samningaviðræður um Kyoto bókunina, sem var

samþykkt 1997, og Parísarsáttmálann, sem var samþykktur 2015. Rammasamningurinn skilgreinir þann vanda sem steðjar að mannkyni vegna loftslagsbreytinga og lýsir yfir vilja til að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar af mannavöldum. Jafnframt viðurkennir hann sameiginlega en mismunandi ábyrgð ríkja á ástandinu. Fjallað er um afleiðingar loftslagsbreytinga á umhverfið í skýrslum sem unnar eru á vettvangi Milliríkjanevndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC). Settar eru upp ýmsar sviðsmyndir og er nú leitast við að takmarka hlýnun jarðar við vel innan við 2°C. Meðal líklegra afleiðinga eru súrnun sjávar, mögulegar breytingar á hafstraumum, tíðari hitabylgjur, alvarlegir þurrkar, tíðari og alvarlegri skógareldar, hopun jökla o.fl.

### Markmið um kolefnishlutleysi

Af þessum sökum eru loftslagsbreytingar nú taldar veruleg langtíma ógn við efnahagslegan stöðugleika og afleiðingar þeirra geta falið í sér kerfislega áhættu. Ríki heims leitast nú við að uppfylla markmið sín um að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti og hafa mörg sett fram markmið um kolefnishlutleysi fyrir tiltekinn tíma. Það krefst aðgerða sem geta verið settar fram í lagasetningu með nýjum kröfum á fyrirtæki og einstaklinga, t.d. með auknum álögum eða fjárhagslegum hvötum. Mörg fyrirtæki hafa því sett sér mælanleg markmið um að minnka kolefnisspor sitt.

Seðlabankar og eftirlitsaðilar með fjármálamarkaði eru einnig að skoða mögulegar áhættur sem loftslagsbreytingar fela í sér, með tilheyrandi kröfum til banka og tryggingafélaga, ekki síst í Evrópu og Bandaríkjunum, að mæla og leitast við að stýra slíkri áhættu. Kröfur til eignastýringaraðila eru einnig að aukast um að upplýsa um hvernig lagt er mat á sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvarðanir. Þessar auknu kröfur munu leiða til þess að fyrirtæki þurfa að skoða eigin nálgun til þessara þátta og bregðast við með viðeigandi hætti.

### Grænn sáttmáli ESB

Til að bregðast við loftslagsbreytingum samþykkti ESB „Græna evrópska sáttmálann“ („The European Green Deal“) og er verkefnið nú eitt af þeim fyrirferðamestu hjá þeim. Eitt af markmiðum sáttmálans er að ESB verði kolefnishlutlaust árið 2050 og að samhliða verði unnið með markvissum hætti að því að aðlaga samfélög og efnahagskerfi Evrópu að áhrifum loftslagsbreytinga. Jafnframt er unnið að verndun náttúruauðlinda og líffræðilegs fjölbreytileika. Til að ná þessum metnaðarfullu markmiðum vinnur ESB að margvíslegri lagasetningu sem mun að miklu leyti rata hingað til lands í gegnum EES samninginn. Samhliða hefur ESB heitið því að beina a.m.k. billjón evra í sjálfbærar

fjárfestingar á næsta áratug. Sáttmálanum er skipt í nokkra áherslupætti og undir hverjum þætti er unnið að fjölda verkefna sem munu leiða af sér lagasetningu. Fátt er þar undanskilið en meðal áherslupáttanna eru hrein orka, sjálfbær iðnaður og landbúnaður. Samhliða er sett upp fjárfestingaráætlun þar sem markmiðið er að beina fjármagni í loftslagsvænan farveg. Hluti af því er „Just Transition Mechanism“ eða sjóðurinn fyrir sanngjörn umskipti í átt að grænna hagkerfi sem leggur áherslu á að styðja við þá íbúa ESB sem aðgerðir samkvæmt Græna evrópska sáttmálanum kæmu annars helst niður á.

Aðgerðir ESB um að beina fjármagni í sjálfbærar fjárfestingar hefur ýtt undir umræðuna um hættu á grænþvotti. Flokkunarkerfi ESB (EU taxonomy) og upplýsingagjöf fyrirtækja og fjárfesta, byggt á flokkunarkerfinu, er auk annarra aðgerða ætlað að draga úr þeirri áhættu en kerfið skilgreinir hvaða verkefni og starfsemi telst umhverfisvæn. Fleiri reglur eru í farvatninu, t.d. breytingar á reglum um fjárfestavernd og nýr staðall um græn evrópsk skuldabréf.

### Sjálfbærari heimur framundan?

Álitaefni tengd sjálfbærni fara vaxandi og fela í sér lagalegar áhættur en einnig tækifæri. Framundan eru lagabreytingar, m.a. vegna umbreytinga yfir í lágkolefnahagkerfi sem skapa nýjar áhættur í starfsemi fyrirtækja. Ný lagasetning kallar á ný verkefni í stjórnun og starfsemi fyrirtækja og á aukið gegnsæi hjá stærri fyrirtækjum. Stjórnir fyrirtækja þurfa að vera meðvitaðar um þessar breytingar og vera í stakk búnar til að takast á við þær. Víða erlendis hafa t.d. hagaðilahópar í auknum mæli beitt sér á hluthafafundum fyrirtækja til að vekja athygli á starfsháttum þeirra og í sumum tilvikum náð kjöri í stjórnir þeirra í þeim tilgangi að framkalla breytingar. Málsóknir hafa einnig færst í aukana t.d. til að berjast gegn mengandi starfsemi og dæmi eru um að slíkar málsóknir hafi unnist. Vernd mannréttinda í aðfangakeðju fyrirtækja hefur fengið aukna athygli og viðskiptavinir og fleiri hagaðilar eru farnir að líta svo á að áhrif fyrirtækja nái einnig til aðfangakeðju þeirra og að þau beri því ábyrgð á starfsháttum þar. Lög hafa verið sett í nokkrum löndum um skyldu fyrirtækja til að bregðast við slíkri áhættu í starfsemi sinni, t.d. í Frakklandi, Hollandi, Bretlandi og Þýskalandi. ESB hefur einnig kynnt slíka lagasetningu sem ná mun til stærri fyrirtækja og mun vafalítið rata hingað til lands.

Hér á undan er aðeins farið yfir nokkra þætti sem snerta sjálfbærni. Af nógu er að taka og þróunin í þessum eignum er hröð og mun vafalítið hafa áhrif á starfsumhverfi lögfræðinga í nánustu framtíð.

# LAGAÐEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK SETUR Á STOFN SJÁLFBÆRNI- OG LOFTSLAGS- RÉTTARSTOFNUN



INGI POULSEN, LÖGMADUR

Áskoranir vegna loftslagsbreytinga verða sífellt fyrirferðameiri og snerta flesta geira samfélagsins. Innan lögfræðinnar birtast þessar áskoranir í mikilli þróun alþjóðlegra skuldbindinga, aukinni lagasetningu og víðtækri stefnumótun, bæði hjá hinu opinbera en einnig í einkageiranum. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið lögð mikil áhersla á málaflokkinn sem endurspeglast meðal annars í hinum svonefnda „Nýja græna sáttmála“ og má búast við því að umfangsmikil löggjöf í málaflokknum muni rata í íslenskan rétt á komandi árum í gegnum EES-samninginn. Þar er nú þegar að finna skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum. Ísland hefur lögfest markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 en lögin hafa það meðal annars að markmiði að landið nái kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Samhliða þessu leggur atvinnulífið aukna áherslu á sjálfbærni þar sem fyrirtæki eru orðin meðvitaðri um þá þætti í rekstri þeirra sem snúa að umhverfi, samfélagi og stjórnarháttum. Á sama tíma hefur orðið gríðarleg aukning í fjölda dómsmála um allan heim þar sem reynir á skyldur ríkja og einkaaðila vegna loftslagsbreytinga. Nýverið hafa fallið stefnumarkandi dómur í lögsögum nærri Íslandi þar sem stjórnvöldum og fyrirtækjum er gert að bregðast við loftslagsbreytingum með einum eða öðrum hætti, svo sem með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og setja sér metnaðarfull markmið tengd loftslagsbreytingum.

Þessi þróun kallar á auknar rannsóknir og kennslu á sviði loftslagsréttar og sjálfbærni enda hafa þessir málaflokkar áhrif á mikinn fjölda ólíkra réttarsviða. Til þess að svara því ákalli hefur lagadeild Háskólans í Reykjavík sett á stofn sérstaka sjálfbærni- og loftslagsréttarstofnun sem hefur það að markmiði að efla rannsóknir í lögfræði og stuðla að aukinni fræðslu og kennslu í greinum tengdum sjálfbærni og loftslagsrétti. Innan stofnunarinnar starfa meðal annarra

dr. Snjólaug Árnadóttir, dr. Gunnar Þór Pétursson, dr. Margrét Einarsdóttir, dr. Guðmundur Sigurðsson og Ingi Poulsen.

## Áhersla á áhrifaríkar rannsóknir, þverfaglega nálgun og tengsl við atvinnulífið

Stofnunin byggir á þeirri grundvallarforsendu að næstu 5-10 árin skipti sköpum til að tryggja að þau markmið sem ríki heimsins hafa sett sér með Parísarsamningnum náist. Tilgangur stofnunarinnar er tvíþættur. Annars vegar að stuðla að þróun löggjafar og stefnumótunar á málefnasviðinu í þeim tilgangi að hraða aðgerðum. Hins vegar að auka skilning lögfræðinga og annarra á þeim lagalegu áskorunum sem fylgja loftslagsbreytingum og sjálfbærnitengdum málefnum. Unnið verður að þessum markmiðum meðal annars með rannsóknum, kennslu, viðburðum og birtingu fræðsluefnis.

Markmið stofnunarinnar er því að stunda leiðandi rannsóknir á þeim réttarsviðum sem tengjast loftslagsbreytingum og sjálfbærni, byggja upp rannsóknarsamstarf við erlenda háskóla og stofnanir og efla tengsl við atvinnulífið. Brýnt er að tengja lögfræði við aðrar fræðigreinar vegna þess að áskoranir tengdar loftslagsbreytingum eru margþættar og verða ekki leystar án þverfaglegrar nálgunar. Þá stefnir stofnunin að því að eiga ríkt samtal við ólíka haghafa, meðal annars lögmennt, og tengja háskólastarfið á þessu sviði betur við atvinnulífið.

Lögmenn eru hvattir til að leita til stofnunarinnar ef áhugi er á að taka þátt í samtali um loftslagsbreytingar og sjálfbærni. Stofnunin hyggst bjóða upp á námskeið og fræðslu fyrir lögmenn á rannsóknarsviði hennar og tekur fagnandi öllum ábendingum um þörf rannsóknarefni.



# ENDURUPPTAKA SAKAMÁLA OG NÝJUNGAR Í GJALDÞROTA- SKIPTARÉTTI

SINDRI M. STEPHENSEN,

DÓSENT VIÐ LAGAÐEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK OG  
FULLTRÚÍ ÍSLANDS Í STJÓRN HINS NORRÆNA FÉLAGS  
UM RÉTTARFAR.



Hinn 16. og 17. ágúst næstkomandi verður Norræna réttarfarsráðstefnan haldin á Grand Hótelu í Reykjavík á vegum Hins norræna félags um réttarfar sem haldið hefur utan um réttarfarsráðstefnur á Norðurlöndunum frá árinu 1981. Ráðstefnan er haldin þriðja hvert ár í einu Norðurlandanna þar sem saman koma dómarmar, lögmenn, fræðimenn og aðrir áhugamenn um réttarfar og deila þekkingu sinni og reynslu.

Á dagskrá ráðstefnunnar eru fjórar málstofur um endurupptöku sakamála, fyrirmynd UNIDROIT að réttarfarsreglum í einkamálum, nýjungar í gjaldþrotaskiptarétti innan Evrópusambandsins, og réttarfar í ráðherraábyrgðarmálum. Jafnframt verða kynningar á doktorsverkefnum á sviði réttarfars. Forseti Hæstaréttar mun bjóða ráðstefnugestum í heimsókn í dómstólinn, boðið verður upp á hátíðarkvöldverð, kaffiveitingar og hádegisverð báða dagana.

## Mikilvægi norræns samstarfs

Fyrir okkur Íslendinga er samstarf af þessum toga mikilvægt en íslenskur réttur, þ. á m. réttarfar, tekur mjög mið af réttarþróun á hinum Norðurlöndunum. Við þekkjum það enda flest vel þegar reynir á sértæk álitæfni sem íslenskir dómstólar hafa ekki tekið afstöðu til að leita fanga í norrænum heimildum. Það er svo aftur annað mál að kunnátta í skandinavísku fer þverrandi hér á landi.

Getur undirritaður staðfest að nokkuð reynir á þanþol menntaskóladönskunnar þegar leitast er við að stauta út úr sér setningum á skandinavísku. Við skiljum hins vegar margt.

Það er mikilvægt að viðhalda norrænum tengslum og tryggja að komandi kynslóðir missi ekki sjónar á þeirri staðreynd að íslenskur réttur er hluti norræns réttar. Á stundum freistast lögfræðingar, og ekki hvað síst laganemar, til þess að bera saman réttarstöðuna hér á landi við réttarþróun í Bandaríkjunum eða Bretlandi. Slíkur samanburður getur verið einfaldur en þjónar oft takmörkuðum tilgangi þar sem grunnuppbygging réttarkerfisins í enskumælandi löndum er önnur. Er þá almennt hyggilegra að dusta rykið af dönsku skráðunum.

Ég hvet alla lögmenn og aðra lögfræðinga sem áhuga hafa á réttarfari til þess að sækja Norrænu réttarfarsráðstefnuna í sumar. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsvæði ráðstefnunnar: <https://nordiskeprocesretsmode2022.is/>

# GEFANDI, FRÆÐANDI OG SKEMMTILEGT

DR. MARÍA RÚN BJARNADÓTTIR,  
AÐALRITARI NORRÆNA LÖGFRÆÐINGAÞINGSINS 2022.



Norræna lögfræðingaþingið verður haldið í Reykjavík 17. – 19. ágúst nk. Fyrsta þingið var haldið í Kaupmannahöfn 1872, en íslenskir lögfræðingar hafa tekið þátt undir íslenskum fána frá árinu 1919. Tilgangur þinganna speglast í tvíþættri dagskrá, annars vegar öflugri félagslegri dagskrá sem hefur það að markmiði að mynda og treysta bönd á milli norrænna lögfræðinga, og hins vegar í metnaðarfullri faglegri dagskrá um lögfræðileg álitafni.

## Fjölbreytt dagskrá

Hin faglega dagskrá þingsins byggir á breiðri lögfræðilegri nálgun, svo flestir lögfræðingar ættu að geta sótt erindi á sínu áhugasviði. Sérstök áhersla er lögð á umgjörð og álitafni varðandi dómstóla, en upphaflega var áætlað að halda þingið árið 2020 á 100 ára afmæli Hæstaréttar Íslands. Efnisrík umfjöllun verður um áhrif stafrænnar þróunar á lögfræðina, meðal annars hvað varðar beitingu réttarheimilda, áhrif „hark-hagkerfis“ internetsins á vinnuréttarsambönd, vörslu stafrænna gagna í sakamálum og tækifæri í stafrænni stjórnsýslu. Þá verður umfjöllun um framkvæmd mála um umsóknir um alþjóðlega vernd einstaklinga, um stjórnskipulegar takmarkanir á félagafrelsi, skaðabótaskyldu vegna hryðjuverka og lagaleg álitafni tengd Covid-19 faraldrinum sem olli því meðal annars að þingið frestaðist um tvö ár, en þinghald hefur ekki raskast áður nema vegna síðari heimsstyrjaldarinnar.

Þrátt fyrir að þingið eigi djúpar rætur og byggi á margvíslegum hefðum, hefur það einnig þróast í takt við breyttar áherslur í lagalegri umræðu og í samræmi við breyttar félagslegar aðstæður. Þannig er til dæmis ekki lengur gert ráð fyrir að allir lögfræðingar, sem þingið sækja, séu karlkyns eins og lýst var í umföllum Theodórs B. Líndal um norræna lögfræðingaþingið sem haldið var í Finnlandi 1957. Þá sóttu þingið 665 lögfræðingar, þar af 449 með konum sínum. Þó þær hafi ekki tekið þátt í hinni lögfræðilegu dagskrá var þeim „gert ýmislegt til skemmtunar og fróðleiks“, meðal annars að heimsækja listasöfn, heimilisfræðiskóla og hið stóra vöruhús Strockman. Nú er gert ráð fyrir að lögfræðingar geti verið af fleiri kynjum en karlkyni og að makar sem slást í för ráði við að ráðstafa tíma sínum sjálf á meðan faglegri dagskrá stendur.

## Kjære nordiske venner

Fátt sameinar fólk eins vel og fjör og þess vegna er hinni félagslegu dagskrá gert hátt undir höfði á norrænum lögfræðingaþingum. Sérstakt boð verður haldið fyrir unga lögfræðinga, sem einnig greiða lægra þátttökugjald en aðrir. Þátttakendur þurfa að vera 35 ára eða yngri til þess að teljast ungir í þessum skilningi en tækifæri til þess að skemmta sér verða þó ekki bundin við unga fólk. Reykjavíkurborg býður þátttakendum til móttöku í Hafnarhúsinu og hefðbundinn hátíðarkvöldverður, bankett, verður haldinn að norrænum sið með tilheyrandi hefðum og konferensum

eins og þekkjast úr norrænu samstarfi laganema. Þá er gert ráð fyrir að lögfræðingar frá gestgjafaríkinu bjóði norrænum kollegum til kvöldverðar til þess að treyst sem best bönd þvert á landamæri. Lögfræðingar sem hafa áhuga á að bjóða til sín norrænum kollegum í tengslum við þingið eru beðnir um að hafa samband við skipuleggjendur, en þingið styrkir boðin með fjárframlagi.

Hin norræna lagahefð viðheldur sér ekki sjálf. Hana þarf að næra og norrænu lögfræðingapíngin eru tilvalinn

vettvangur fyrir alla áhugasama lögfræðinga til þess að virkja bæði félagslegar og faglegar rætur hennar.

Skráning og allar nánari upplýsingar um þingið má finna á [njm2022.is](http://njm2022.is). Þau sem skrá sig fyrir 17. júní greiða lægra þátttökugjald og eru íslenskir lögfræðingar hvattir til þátttöku í gefandi, fræðandi og skemmtilegu norrænu lögfræðingapíngi.

# KÓÐUÐ FJÁRMÁL OG LÖG: TÁKNREIDDIR FJÁRMÁLA- GERNINGAR OG RAFMYNTAAFLEIÐUR

ÞORVARÐUR A. ÁGÚSTSSON,  
LÖGMAÐUR HJÁ DELOITTE LEGAL



Tækniframfarir hafa verið gífurlega hraðar á síðastliðnum árum og fjölmargar fjártæknilausnir hafa sprottið fram sem kunna að hrista upp í rótgróinni framkvæmd. Nýleg breyting á notkun dreifðra færsluskraa (DLT) hefur skapað óvissu meðal lögfræðinga um meðferð nýrra eignaflokka enda opnar bálkakeðjutæknin fyrir afar einfalda hugmynd sem áður hafði ekki tekist að framkvæma; tilvist stafrænna eigna. Hugmyndin um Bitcoin sem fyrstu stafrænu eignina kann að koma sumum spáskt fyrir sjónir þar sem flest viðskipti í nútímasamfélagi stjórna af stafrænum færslum. Hér verður þó að gera greinarmun á annars vegar stafrænt

kóðaðri eign og hins vegar notkun stafrænna gagnagrunna í umsjá miðlægra aðila til að taka við og miðla boðskiptum um breytingu á eignastöðu.

## **Bankareikningur eða stafrænt veski**

Á meðan fæstar íslenskar krónur í umferð hafa raunverulega verið gefnar út í áþreifanlegu formi eru bankainnstæður á netbanka þó ekki stafrænar eignir í þeim skilningi að hægt sé að senda þær á milli aðila þannig að móttakandinn taki við sömu einingum og áður voru merktar sendanda. Millifærslur í netbanka einkennast fremur af skerðingu

innstæðuskráningar úttökureiknings gegn samsvarandi aukningu á innstæðuskráningu móttökureiknings. Síðastnefnd einkenni fylgja vissulega færslum á bálkakeðjum en sá munur er þó á að hver eining um sig viðheldur færslusögu sinni eða auðkennum og færslur þarfnast hvorki aðkomu né samþykkis miðlægs milliliðs.

### Vefur 3.0 skapar lagalegar áskoranir

Slík þróun á stafrænum fjarskiptum er líkleg til þess að valda frekari breytingum á uppbyggingu veraldarvefsins. Vefurinn hefur þróast frá því að birta aðeins læsilegar færslur (vefur 1.0) yfir í að vera vettvangur fyrir gagnamyndun og gagnkvæm samskipti þar sem notandinn er virkur þátttakandi (vefur 2.0). Bálkakeðjur eða aðrar dreifðar færsluskjár hafa verið taldar skapa grundvöll að eignadrifnu stafrænu hagkerfi sem kunni að mynda næsta skrefið í þróun vefsins. Slík þróun leiðir til þess að forritarar eiga kost á að skapa heilt hagkerfi nýrra eigna sem stjórnast af sjálfvirkum kóðum eða skipunum snjallsamninga (e. smart contract) sem mæla fyrir um meðferð eignanna með óafturkræfum hætti. Hugtakið sýndareign (e. crypto-asset) hefur verið notað til að lýsa mismunandi tegundum eigna á bálkakeðju sem oft eru flokkaðar í mismunandi einingar (e. tokens) í samræmi við ólík einkenni.

Þó að eignadrifinn vefur opni á áður óþekkt lagaleg ágreiningsefni er oft mögulegt að beita gildandi löggjöf um lögskipti á bálkakeðjum. Er þó gagnlegt í því samhengi að greina á milli færslna á bálkakeðju (e. on chain) og færslna utan bálkakeðja (e. off chain) sem þó varða eignir á bálkakeðjum.

### Táknreiddir fjármálagerningar

Þegar kemur að eignum á bálkakeðjum er engum vafa undirorpið lengur að ákveðnar stafrænar eða kóðaðar eignir falla undir regluverk fjármálamarkaða, s.s. MiFID II, MiFIR, lýsingarreglugerðina eða aðrar afleiddar gerðir. Hér undir falla þá einingar (e. tokens) sem bera með sér öll helstu einkenni fjármálagernings og þá sérstaklega verðbréfa í tilfelli lýsingarreglugerðarinnar. Í því samhengi er rétt að minnast á að flokkun fjármálagerninga felur ekki í sér heildstætt flokkunarkerfi og því geta einingar sem bera með sér einkenni peningamarkaðsskjala, hlutdeildarskírteina eða afleiðusamninga jafnframt fallið undir hugtakið verðbréf. Sömu reglur gilda að sjálfsögðu þegar einingar eru gagnert kóðaðar með notkun snjallsamninga á þann veg að hefðbundnir fjármálagerningar, sem hægt hefði verið að gefa út á skipulegum markaði, eru færðir á bálkakeðjur með

táknreiðslu (e. tokenization), t.d. með þeim hætti að greiðslur til handhafa eininganna framkvæmist sjálfkrafa samkvæmt skilyrðum snjallsamnings.

### Hefðbundar rafmyntir og afleiðusamningar utan keðju (e. off chain)

Stærstur hluti sýndareigna fellur utan við evrópskar reglur um fjármálamarkaði þar sem þær bera ekki einkenni fjármálagernings. Ráðgert er að slíkar eignir muni brátt falla undir MiCA regluverkið (Markets in Crypto-Assets regulation) sem ætlað er að festa í sessi reglur um útgáfu sýndareigna, fjármálaþjónustu er varðar slíkar eignir og um markaðssvik og eftirlit með mörkuðum.

Þrátt fyrir að MiCA regluverkið sé enn á tillögustigi er í vissum tilfellum mögulegt að hægt verði að teygja fjárfestavernd MiFID II yfir Bitcoin fjárfestingar (og álíka sýndareignir). Markaðir fyrir sýndareignir eru oft reknir utan bálkakeðjunnar á vefsvæðum sem tengja ekki við bálkakeðju með beinum hætti. Slíkir markaðir á vefnum (2.0) hafa boðið almennum fjárfestum upp á að taka þátt í mjög flóknum fjárfestingum svo sem með framvirkum samningum eða annars konar afleiðum sem kunna að vísa til verðgildis Bitcoin samkvæmt skráðu gengi „gjaldeyrisskiptastöðvar“ hverju sinni.

Kann því að koma til skoðunar hvort fjárfestingar, sem markaðir utan keðju bjóða upp á, falli undir skilgreiningu afleiðusamninga samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID-lögin). Þegar litið er til afleiðuviðskipta tengdum einingum á bálkakeðjum, sem eru aðeins merktar svipuðum eiginleikum og Bitcoin, kann að hafa verulega þýðingu hvort annars vegar einingarnar vísi til fjárhagslegra viðmiðana, líkt og skráðs verðgildis á kauphöllum, eða hins vegar hvort viðskiptin séu gerð upp með reiðufé. Færa má rök fyrir að í slíkum tilfellum falli viðskiptin undir MiFID-lögin. Lítil reki hefur verið gerður að því að rekstraráðilar slíkra stafrænna markaða fylgi því regluverki sem almennt gildir um fjármagnsmarkaði samkvæmt MiFID-lögunum.

Hvað fjárfestavernd varðar má þó leiða þá reglu af dómi Hæstaréttar nr. 302/2013 (KPMG) að ekki skipti máli hvort starfsleyfis hafi verið aflað til að viðhafa starfsleyfis skylda starfsemi, þjónustuveitendur verði engu að síður að lúta lögboðnum háttarnisreglum og virða skyldur sem eru til þess fallnar að tryggja fjárfestavernd að viðlagðri bótaábyrgð.

## Skattalegar afleiðingar

Heimfærsla viðskipta undir MiFID II regluverkið og aðrar tengdar gerðir hefur ekki einvörðungu áhrif á fjárfestavernd og starfsheimildir þjónustuveitenda heldur kann hún að leiða til breytinga á skattalegri meðferð fjárfestinga. Meðferð skattfirvalda á fjárfestingum á bálkakeðjum hefur einkennst af ringulreið þar sem fjárfestar hafa átt erfitt með að átta sig á réttri meðferð fjárfestinga, sér í lagi þeir sem hafa nýtt sér hugbúnaðarlausnir dreifðrar fjármálaþjónustu (e. DeFi).

Eitt af því fáa sem tiltölulega mikil sátt ríkir um er að flokka beri „sýndarfé“, í skilningi 16. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018, undir 8. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („TSL“) þannig að leggja beri fjármagnstekjuskatt á söluhagnað í þeim tilfellum sem viðskiptum jafnar ekki til atvinnustarfsemi. Hins vegar ríkir aðeins sátt um þá túlkun vegna þess að ekki hefur reynt á hvort undir hugtakið sýndarfé eða rafmynt falli sýndareignir sem eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar Bitcoin, Ether, Ada, Xrp, Litecoin og sambærilegum stafrænum eignum. Yfirskattanefnd hefur einvörðungu fjallað um sýndarfé líkt Bitcoin í úrskurðum sínum og Skatturinn hefur ekki gert greinarmun á hugtökunum sýndarfé og rafmynt. Í almennu máli hefur hugtakið rafmynt þó verið notað um flestar tegundir sýndareigna, þ.m.t. fjármálaeiningar.

Heimfærsla gernings undir MiFID-lögin kann þó að hafa áhrif á skattalega meðferð þar sem ákvarðandi bréf nr. 1/2022 viðurkennir að rétt sé að líta til eðlis rafmyntafjárfestinga, líkt og þegar um afleiðuviðskipti sé

að ræða. Í því felst þá að horft er á efni umfram form. Þrátt fyrir slíka nálgun hefur Skatturinn hafnað frádrætti taps af einni tegund „sýndarfjár“ frá annarri tegundar sýndarfjár, skv. 24. gr. TSL, þar sem þær séu ekki „sams konar“. Má til að byrja með gagnrýna slíka nálgun þar sem mismunandi tegundir sýndareigna, svo sem Bitcoin og Litecoin, eru í öllum meginatriðum sams konar og síðarnefnda eignin raunar kvíslun (e. fork) af þeirri fyrrnefndu. Túlkun af þessu tagi leiðir þó einnig til þess að meðalmaðurinn, sem aðeins kaupir og selur, lendir í aukinni skattbyrði þar sem hann á þessi ekki kost að draga sölutap af einni rafmynt frá söluhagnaði annarrar á meðan fagfjárfestar kunna að geta dregið sölutap af framvirkum samningum með Ether frá söluhagnaði af framvirkum samningum með Bitcoin. Í þessu tilfelli eru það hvorki lögin né kóðinn sem er vandamálið.



**HÍ** | LAGADEILD

**MAGNA**

L Ö G M E N N



**NOVUM**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

S. Sif Thorlacius hdl.  
Kristján B. Thorlacius hrl.  
Tinna Björk Gunnarsdóttir lrl.  
Halldór Hrannar Halldórsson hdl.

**FORTIS**  
Lögmannsstofa



SVALA THORLACIUS ER FÆDD 6. APRÍL 1942. HÚN LAUK EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1968, VARÐ HÉRAÐDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1969 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1984. SVALA VAR FULLTRÚI HJÁ GÚSTAF A. SVEINSSYNI HRL. FRÁ 1968-1970 OG FRÉTTAMAÐUR HJÁ RÍKISÚTVARPINU 1970-1976. FRÁ 1976 RAK HÚN LÖGMANNSSTOFU ÁSAMT GYLFA, EIGINMANNI SÍNUM, EN ÁRIÐ 2000 BREYTTIST NAFN STOFUNNAR Í FORTIS. Í DAG REKA TVÖ AF ÞREMUR BÖRNUM ÞEIRRA, STEFANÍA SIF OG KRISTJÁN BIRGIR, LÖGMANNSSTOFUNA. YNGSTA BARNIÐ, RAGNHILDUR, ER SVO FRÉTTAMAÐUR HJÁ RÚV.

# ÞAÐ VAR KLASSI YFIR FULLTRÚA- EMBÆTTINU

Svala Thorlacius varð áttæð í byrjun apríl. Hún er ein af fyrstu konunum í stétt lögmannna og sú fyrsta sem sat í stjórn LMFÍ. Hún er auk þess fyrsta konan til að gegna starfi fréttamanns hjá RÚV og á sólríkum sumardegi í maí sagði hún Eyrúnu Ingadóttur frá eftirminnilegum fréttamanna- og lögmannsferli.

Ég ákvað í MR að læra í lögfræði, það var ekkert annað sem kom til greina. Hvernig mér datt það í hug veit ég ekki því það var enginn í kringum mig lögfræðingur. Mér fannst hins vegar refsiréttur ógurlega spennandi og hafði m.a. lesið mikið um Agnesi og Natan. Svo eignaðist ég kærasta í 6. bekk, Gylfa Thorlacius, sem var á nákvæmlega sömu línu. Við vorum síðan saman í öll þessi ár, lásum saman lögfræði og unnum saman á lögmannsstofu okkar eftir að ég hætti hjá sjónvarpinu.

Ég var ólétt á fyrsta ári í lögfræðinni, veturinn 1962. Þú getur ímyndað þér hvernig það var að vera eina konan í sal sem var fullur af strákuum. Ég átti von á barninu í maí og gat ekki hugsað mér að vera með kúluna út í loftið í þessu strákageri – tíðarandinn er sem betur fer breyttur! Forpróf í almennri lögfræði, hagfræði og bókfærslu voru um svipað leyti og barnið átti að fæðast en fékk að flýta prófum og tók þau í janúar. Til að nýta tímann þá fór ég

svo á námskeið í Húsmæðrakennaraskólanum það sem eftir lifði vorsins.

Við Gylfi vorum samferða í laganáminu sem var ótrúlega gamaldags. Við tókum fyrri hluta próf eftir þrjú ár og seinni hluta próf eftir sex ár. Maður fór ekkert að lesa að ráði fyrr en á síðasta árinu. Við vorum auk þess alltaf að vinna með námi.

Tengdamóðir mín var okkar haldreipi á þessum árum og passaði fyrir okkur. Gylfi gekk í öll störf á heimilinu með mikilli ánægju þannig að þau voru aldrei vandamál. Fjölskyldunni minni þótti þetta hins vegar voða merkilegt og ég man að amma mín, sem var fædd fyrir 1900, sagði: „Svala mín þarftu alltaf að vera að læra og vinna svona mikið? Er pilturinn svona lélegur að skaffa?“ Hún skildi bara ekkert í þessu!

## Fékk atkvæði allra útvarpsráðsmanna

*Hvað kom til að þú varðst fréttamaður?*

Þegar ég útskrifaðist voru sárafaír lögmennt með fulltrúa og flestir einyrkjar. Gylfi vann sem fulltrúi hjá Páli S. þar til hann stofnaði sjálfur stofu og ég fékk vinnu hjá Gústaf A. Sveinssyni. Hann var mikill séntilmaður, gekk um með kúluhatt sem hann sendi ásamt skónum sínum í viðgerð til Englands. Hann þeraði alla, kallaði mig frú Thorlacius en ritarann fróken Agnesi. Það var klassi yfir þessu fulltrúaembætti hjá mér. Þegar ég var að hætta sá ég auglýsingu um laust starf eins af sex fréttamönnum hjá sjónvarpinu og datt í hug að sækja um. Á þessum árum sá útvarpsráð um að ráða fréttamenn og það urðu pólitísk læti í hvert sinn. Ég naut hins vegar þeirrar hylli að fá atkvæði allra útvarpsráðsmanna. Ég sá ekki eftir þessu því að vera fréttamaður er besti skóli sem að ég hef gengið í. Þar eignaðist ég að auki fullt af vinum en það vann svo skemmtilegt fólk og vel að sér hjá þessari stofnun. Ég passaði upp á að vera ekki bara í „kvennamálum“, ég vildi ekki fara í þá deild, og sem betur fer var fréttastjórinn líka á þeirri línu. Ég man hins vegar að móðursystir mín spurði mig einu sinni: „Þarft þú alltaf að vera að segja þessar leiðinlegu fréttir um fiskveiðar og landhelgi?“ Henni fannst ég ætti að vera í kvennafréttum, fjalla um tísku og svoleiðis.

*Minnist þú einhverra eftirminnilegra fréttu frá þessum árum?*

Já, þegar búíð var að semja í landhelgismálinu árið 1976 þá fór ég ásamt myndatökumönnum með varðskipi og við eltum síðustu ensku togarana úr landhelginni. Það er mjög eftirminnilegt. Svo er kvennafrídagurinn 1975 mjög minnisstæður. Þá tókum við konur yfir RÚV og þetta var í fyrsta skipti sem að konur stjórnðu öllum útsendingum og sáu um tæknivinnuna. Það var gífurleg orka í kvennafrídeginum og maður trúði bara ekki að þetta væri að gerast. Íslenskar konur höfðu ekki sýnt neinn svona samtakamátt áður og dagurinn gaf konum mikinn kraft.

## Gat ekki hent konunum út

*Var alltaf ætlunin hjá ykkur hjónum að reka saman lögmannsstofu?*

Já, Gylfi hóf rekstur stofunnar árið 1973 og ég kom svo þremur árum síðar, árið 1976. Ég starfaði svo samfleytt við lögmenntsku til ársins 2016 ásamt Gylfa og þegar Sif og Kristján luku laganámi þá komu þau í reksturinn með okkur. Ég var 74 ára þegar ég hætti störfum en þegar við komum úr frí frá Flórída eitt sinn fannst mér að ég væri búin að vinna minn skerf og ákvað að hætta. Mér fannst lögmenntskan hins vegar alltaf mjög skemmtileg.

*Naust þú þess að vera þekkt andlit úr fréttum þegar þú hófst lögmenntsku?*

Já, það er ekki hægt að neita því. Þegar ég byrjaði urðu sífjamálin fljótt ríkur þáttur í mínum störfum, þótt ég hefði alltaf haft mikinn áhuga á refsirétti. Engin önnur kona var þá starfandi lögmaður, Rannveig Þorsteinsdóttir hafði lokað sinni stofu árið 1974 og Guðrún Erlendsdóttir var komin upp í háskóla. Ég var nánast eingöngu með skilnaðarmál fyrstu árin en á þeim tíma voru nánast ekki til forræðismál. Allir karlar sem voru að skilja litu á það sem náttúruleg mála að konan fengi börnin. Bæði forræðis- og umgengnisréttarmál þekktust ekki. Jafnréttið hefur gert mikið fyrir karla og ég held að þeir geri sér ekki grein fyrir því hvað konur hafa fært þeim mikil réttindi.

*Fannst þér á þessum tíma konur fara halloka í skilnaðarmálum?*

Já, þær gerðu það. Það voru yfirleitt ekki klár helmingaskipti þar sem tekið var tillit til þess að karlinn hefði unnið fyrir svo miklu hærri launum og það lá við að það þyrfti að hvetja konur til að nota rétt sinn. Samt voru þær heimavinnandi og hugsuðu um börnin.

*Varðst þú einhvern tímann fyrir mismunun í starfi?*

Á öllum mínum ferli þá hef ég aldrei orðið fyrir neinni mismunun. Það var svo kostulegt að þegar ég byrjaði í lögmenntskunni sögðu gömlu karlarnir, sem mættu mér fyrir dómi, alltaf „já, væna“ og „já, góða“ og það fór auðvitað dálítið í taugarnar á mér.

## Bardaginn við Steingrím

*Eru einhver mál eftirminnilegri en önnur?*

Það er eitt mál sem setti kafla í minn feril og það er bardagi minn við Steingrím Njálsson. Árið 1986 komu til mín hjón en syni þeirra, sem bar út blöð, hafði verið nauðgað af Steingrími. Á þessum árum tíðkaðist ekki að tala um svona mál, þeim fylgdi skömm, og Steingrímur hafði leikið lausum hala hér á Suðvesturhorninu.

Ég fór suður í Hafnarfjörð til sýslumanns og sá fljótlega að þessi maður átti að baki langan sakaferil. Ég rakti feril hans mörg ár aftur í tímann og sá einnig að hann hafði alltaf fengið væga dóma. Dómarinn í Hafnarfirði hafði jafnvel geymt sum málin svo lengi að þau voru fyrnd, safnað svo bunkanum saman og dæmt.

Eitthvað varð að gera og faðirinn var tilbúinn að koma fram og segja frá svo lengi sem hann þekktist ekki. Ég hringdi í sjónvarpið, á minn gamla vinnustað, og sagðist vera með mjög átakanlegt mál. Þeir sögðu hins vegar þetta vera allt





of erfitt mál til að fjalla um. Ég skrifaði þá langa grein í Morgunblaðið og rakti feril Steingríms.

Þá var í lögum ákvæði frá 1939 um vömun kynferðisbrotamanna sem hafði aldrei verið notað. Ég fór fram á að þetta ákvæði væri virkjað gagnvart Steingrími og þá varð sprenging og allir fjölmiðlar fóru á fullt í umfjöllun um málið. Eftir þetta vissu allir hver Steingrímur var og í framhaldinu var loksins tekið á málum hans af festu. Þetta hratt jafnframt af stað mikilli umræðu í Þjóðfélaginu og meðal annars hringdu í mig nokkrir karlar sem höfðu lent í honum en ekki kært.

Í kjölfarið ofsótti Steingrímur mig og nokkra blaðamenn. Hann hringdi í mig og hótaði að slátra börnunum mínum, kom drukkinn á skrifstofuna eftir að búið var að leysa hann úr haldi en þá vildi svo til að ég var í vinnuferð úti á landi. Einu sinni slapp hann út af Hrauninu og þá hringdi lögreglan í mig og til að vara mig við. Maður var ekki alveg rólegur meðan á þessu stóð.

#### **Alltaf til vín í peningaskápnunum**

*Þú ert fyrsta konan sem var kosin í stjórn LMFÍ, 1980-1982, var mikið félagslíf?*

Já, það var mikið. Félagsfundir enduðu oft með kvöldverði og tilheyrandi og óhætt að segja að þá hafi verið líf í félagsskapnum í Lögmannafélaginu. Félagið keypti Álftamýrina á þessum tíma en ég var óánægð með það og vildi frekar kaupa hús á Sóleyjargötu, fannst meiri klassi vera yfir því. Annars var stjórnin bara samstíga og við miklir félagar.

Fundir í félaginu voru svo skemmtilegir að maður sótti þá alla. Margir þessara karla settu auk þess svip á tilveruna, eins og dr. Gunnlaugur Þórðarson, Páll S. Pálsson, Örn Clausen og Haraldur Blöndal. Jón E. Ragnarsson og Sigurður Georgsson voru líka skrautlegir og leigðu sér meira að segja saman íbúð á Kvisthaganum um tíma þegar báðir voru að skilja. Þá var alltaf stöðugur ágreiningur milli þeirra út af matarmálum. Þegar annar eldaði þá fékk hinn ákúru fyrir að koma of seint í matinn en svo slitnaði endanlega upp úr sambúð þeirra félaganna því þeir gátu ekki komið sér saman um hvort það ætti að vera lárviðarlauf í gúllasinu!

Við Gylfi vorum náttúrulega oft með gleðskap. Um tíma voru haldin haustþing í Keflavík og að þeim loknum bauð LMFÍ upp á kokteil. Í eitt skiptið var mikið í tísku að drekka Black Russian, sem er vodka með kaffilíkjör út í, og

menn urðu auðvitað hátt uppi af þessu. Við buðum heim í partý og hingað komu tvær rútur fullar af lögmonnum, en við áttum hins vegar bara eina vodkaflösku sem dugði skammt. Einn mjög virðulegur lögmaður gekk þá á milli með húfu, safnaði peningum og hringdi svo á „góða“ bíla með „peysufatakerlingum“ eins og flöskurnar voru kallaðar. Veigarnar komu og það var mikið fjör nema að það endaði með látum því að einn gestanna var öfundsjúkur út í annan sem hafði fengið stundakennslu í lagadeildinni, lét hendur skipta, og Gylfi þurfti að henda hinum öfundsjúka út í snjóskaf.

Þegar Gylfi varð fertugur var mikill gleðskapur. Ég tók svo eftir því að Jón E. var alltaf í símanum og spurði hann hvort eitthvað væri að gerast. Hann sagði þá að þegar vinir hans yrðu fertugir fengi hann alltaf kunningja sinn til að koma á vörubílstrukk og lyfta pallinum 40 sinnum fyrst að það væri bannað að skjóta af fallbyssum. Svo kom bílstjórinn og spurði hvort okkur væri sama þótt hann sturtaði bara fjórum sinnum afmælisbarninu til heiðurs, því það færi svo illa með pallinn að sturta 40 sinnum!

### Í fótspor foreldranna

*Segja má að öll börnin ykkar hafi fetað í fótspor ykkar foreldranna þar sem tvö eru lögmennt og eitt er fréttamaður. Var mikið rætt um lögfræði við eldhúsbordid?*

Já, auðvitað. En við ákváðum að skipta okkur ekkert af því hvað krakkarnir okkar myndu læra, hvorki að hvetja þau né letja. Það má segja að við höfum eignast þrjú einbirni þar sem Sif er fædd 1962, Kristján árið 1969 og Ragnhildur árið 1978. Gylfi lést fyrir þremur árum en Sif og Kristján reka nú lögmannsstofuna Fortis og Ragnhildur er fréttamaður á RÚV. En það að eiga sextugt barn og vera sjálf orðin áttæð er ótrúlegt!

juris

 **LMG**  
LÖGMENN | LEGAL SERVICES

 **Bótaréttur**  
Innheimta slysa- og skaðabóta

 **Mörkin lögmannsstofa hf.**  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)

BBA // FJELDGO

  
Lögfræðistofa Reykjavíkur

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Ólafur Lúther Einarsson

Novum lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 865-3222

### Porgils Þorgilsson

Juvo Lögmenn, Akralind 6, 201 Kópavogur, sími: 777-1213

### Jóhannes Árnason

JÁS Lögmenn, Skólavörðustíg 3, 2. hæð, 101 Reykjavík, sími: 561-5700

### Þórhildur Lilja Ólafsdóttir

Embætti borgarlögmans, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík, sími: 563-2300

### Eva Halldórsdóttir

Lögmenn Lækjargötu, Lækjargötu 2, 101 Reykjavík, sími: 512-1220

### Eggert Páll Ólason

Sofus lausnir, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, sími: 822-5944

### Eldjárn Árnason

Megin lögmansstofa, Skipholt 50D, 105 Reykjavík, sími: 530-1800

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Telma Sif Reynisdóttir

Novum lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 555-1550

### Gunnar Benediktsson

LEX lögmansstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

### Baldvin Már Kristjánsson

Lögmansstofa Steinbergs Finnbogasonar, Tryggvagötu 4, 101 Reykjavík, sími: 844-4890

### Guðni Már Grétarsson

Neytendastofa, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sími: 510-1100

### Klara Óðinsdóttir

Fulltingi, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 533-2050

### Sigrún Magnúsdóttir

Jurís lögmansstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 580-4400

### Kristján Óli Ingvarsson

ADVEL Lögmenn, Hafnartorg, 4. hæð, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 520-2050

### Brynjólfur Sigurðsson

Ríkiskaup, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, sími: 530-1400

### Sigurður Helgi Birgisson

Landssamband æskulýðsfélaga, Rafstöðvarvegi 7, 110 Reykjavík, sími: 848-5017

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Davíð Blöndal

Lög og innheimta ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, sími: 416-4000

### Helga Sæmundsdóttir

TM tryggingar hf., Síðumúla 24, 108 Reykjavík, sími: 515-2133

### Súsanna Björg Fróðadóttir

Byggðastofnun, Skógarbraut, 261 Reykjanesbær, sími: 455-5400

## BREYTING Á VINNUSTAD

### Elimar Hauksson

EH Legal slf., Ormsvelli 7, 860 Hvolsvelli, sími: 516-4000

### Bjarni Hauksson

Lege lögmansstofa, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, sími: 556-0050

### Reynir Þór Garðarsson

Cicero lögmansstofa, Síðumúla 13, 108 Reykjavík, sími: 847-0577

### Hulda Katrín Stefánsdóttir

Isavia, Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði, sími: 424-4000

### Hrafnhildur Sæberg Þorsteinsdóttir

Íslensk verðbréf hf., Hlíðasmára 6, 200 Kópavogur, sími: 460-4700

## NÝTT HEIMILISFANG

### Jónas Örn Jónsson

Anno Málflutningsstofa, Lækjargötu 4, 101 Reykjavík, sími: 770-8200

### Sigrún Jóhannsdóttir

Lögvis, Skipholt 50D, 105 Reykjavík, sími: 698-9707

### Jóhannes S. Ólafsson

IMPACT lögmenn, Skipholt 50D, 105 Reykjavík, sími: 546-2505

### Sigurður Logi Jóhannesson

Solido lögmansstofa, Skipholt 50D, 105 Reykjavík, sími: 848-4488

### Þórður Már Jónsson

Sókn og Vörn: Málflutningsstofa, Fellahvarfi 12, 203 Kópavogi, sími: 693-6666

# PRENTUN

## Litla prent

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



FORVINSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

# LAGADAGURINN

verður haldinn föstudaginn 23. september 2022

## TAKIÐ DAGINN FRÁ

